

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

Til viðbótar: Áframhaldið 2001 til 2013

Hér verður lýst vinnu sem unnin var eftir að stofnun garðsins var samþykkt. Í lok 1998 hafði ég enga hugmynd um hvort neitt þessu líkt yrði nokkurn tímann að veruleika. Kannski eftir 10 ár hugsaði ég. Ég taldi nóg komið og ætlaði ekki að gera meira í þessu.

Þegar ríkisstjórnin hafði samþykkt stofnun garðsins var augljóslega ekki ástæða til að halda áfram að vinna í grunn hugmyndinni. Hins vegar fór það svo að ég átti eftir að bæta talsverðu í þennan sarp, og hver veit nema að eitthvað af því hafi haft áhrif, þó ekki hafi ég beint heyrt af því. Samtals voru sett fram átta dreifirit frá 2001 til 2013, eitt excel líkan, þrjár yfirlitsmyndir, blogg færsla og eitt stórt myndskreið. Einnig voru tveir vefir settir upp og opnaðir, samfélagsvefurinn www.SeeVatnajokull.is, og þessi vefur, www.uppbygging.org. Allt formlegt efni sem sett var fram opinberlega er hægt að lesa á vefnum www.sverrir.info, en hér verður einnig sagt frá hlutum sem gerðust þar fyrir utan.

Velkomin á vef Sverris Sv. Sigurðarsonar - sverrir.info

Á þessum síðum getu að líta yfir ýmissa verkefni sem ég hef unnið að gegnum árið. Sværri er einnig á milli. Ég vona að heimildirin verði ánægjuleg.

Sverri Sv. Sigurðarson
vísingstefningur Cand. Oecon

Hér undir eru skrif sem Sverrir hefur látið frá sér fara um Vatnajökulspjóðgarð - efnahagslegan ábata og forsköpun - og þau skrif sem voru undanfari þessa mála. Þetta skiptast í:

- fyrri hluti (frá 1992 til 1998)
- og síðari hluti (frá 2001-2008)

Síðari hluti 2001-2008

- Desember 2001: Uppbygging er næsta skrefið. Lengi ógilt af þessum skilum á vefnum Uppbygging.org. Hér er fjallað um þörfina á að feta að hugmyndum að risningu til að fella vefmáta starfsemi á landsi í loftið. Þetta er til skipta. Kjört er til skipta. Kjört og skipting. Kjört og skipting. Þar sem feta til hugmyndi til skipta og starfsemi er lík að boðlaup. Ginnunum að þessum hugmyndum er reynta höfundar af þá að þola þess hugmyndina sem veð að Vatnajökulspjóðgarði. Lengi um 20 blattar.
- Desember 2011: Uppbygging er næsta skrefið - stutt daga. Stutt ógilt af skilum á vefnum Uppbygging.org. Lengi um 2.5 blattar. Þessi síða getur aðeins góð átt. Á höfundarvörð er í löng ógiltar hár.
- Desember 2011: Myndskreið sem víði Vatnajökull á vefnum sverrir.info. Vatnajökull.is. Hér er fjallað um hugmyndir efnahagslegri vatnajökulspjóðgarða. Þygg á efnahagslegri ábata sem unnið eru um. Hugmyndir byggja af höfundarvörð og þar til þar samar til sambærlegar tilur sem áætlað hafa verið fyrir þjóðgarði. Þetta hluturinn og þetta hlutur. Einnig er fjallað um áhrifaþætti og einn af þess hluturinn í þessu þjóðgarði heggja vegna Áttarstofnana í lokin í myndskreið.

Sverri Sv. Sigurðarson
vísingstefningur
Kvæðingur 6
107 Reykjavík
Tíðlar sverri@sverrir.info
Síma 552 9023
GSM 864 0023

Éknyfið þessa vefs:
• Færðingarnasamtígi (útlavarkali)
• Síðir um landsvæði á efnahagslegu
• Líta og höfundarvörð Sverri
• Um Sverri Sv. Sigurðarson

Heimskrá líka þessa vefs sem Sverrir hefur unnið:

GRÍPANDI
MYNDSKREIÐ OG
MARKTAK
VERKEFNAÞJÓNGUSTI
SEE
VATNAJÖKULL

Forsíða vefjarins sverrir.info. Grunn hönnuninni hefur ekki verið breytt frá 2002.

Hafði þessi viðbótarvinna einhver áhrif? Það er hugsanlegt að þælingar um efnahagslegan ávinning (sem voru byggðar ofan á áætlanir hins opinbera) hafi haft óbein áhrif á stjórnámálamenn sem gerðu stefnumörkun um fjárhagsútgjöld til þjóðgarðsins. Þeir peningar sem verið var að áætla á þeim tíma voru allavega alveg úr korti við fjárveitingar til náttúruverndar fram að því, þ.e. voru miklu hærrí. En ég veit það svosem ekki fyrir víst. Hér var þó margt áhugavert.

Árin eftir 1999: Aðstæður voru breyttar

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

Andrúmsloftið breyttist mjög í íslensku samfélagi eftir 1998. Það er ekki saman að jafna árunum 1992-1998, og hins vegar 1999 til sirka 2006.


Á árunum eftir 1998 hófust miklar deilur um stóriðjuverkefni á Austurlandi, og þær virkjanir sem þyrfti að byggja til að sjá slíku verkefni fyrir raforku. Fyrst var það uppistöðulón við Eyjabakka sem deilt var um. Þar máttu virkjanamenn lúta í lægra haldi og varð ekkert af því verkefni, en náttúruverndarsinnar (þeir náttúruverndarsinnar sem voru um leið mótfallnir stóriðjuverkefnum) hrósuðu sigri.

Ætla má að virkjanamenn hafi biti í skjaldarrendur og komið til leiks í næsta deilumáli enn einbeittari en fyrr. Þetta var málið sem snerist um Kárahnjúka. Virkjanaandstæðingar voru með mjög öflugt andóf eins og kunnugt er. Búðir mótmælenda þar sem fólk lagðist á veginn með hlekkjað saman með hendurnar í einhverjum rorum, og spreyaði mótmæli hér og hvar, klifraði upp í krana og braut ljós og annað á vörubílum. Þetta voru bæði Íslendingar og erlendir einstaklingar. Eins voru friðsamari einstaklingar, eins og þeir sem voru í Framtíðarlandinu sem skrifuðu greinar og lögðu fram undirskriftalista og slíkt. Það var mikill hiti á þessum árum. Hagsmunir voru gríðarmiklir. 3 milljarða dollara átti að kosta að reisa virkjun og álver. Þetta eru miklir peningar meðal stórþjóða, og lang stærstu einstöu fjárhagslegu hagsmunir vegna eins verkefnis í sögu þjóðarinnar.

Eflaust voru einhverjir í hópi virkjanaáhugamanna sem voru mótfallnir flestöllum hugmyndum um náttúruvernd, einkanlega stórum hugmyndum, enda voru náttúruverndarmenn almennt á móti Kárahnjúkum. Þetta bjó til víglínu. Eflaust var ekki betra ef náttúruverndarhugmynd lá upp að eða ofan á þeim stöðum sem virkjanaframkvæmdir áttu að vera á. Ég var allt í einu í þeirri sérstöku stöðu að vera hugmyndasmiður að einhverjum stærstu náttúruverndarhugmyndum sem sést höfðu í sögu Evrópu. Um leið var Alþingi búið að samþykkja að skoða hugmynd sem var í það minnsta mjög svipuð því sem ég setti fram. Ég tilheyrði hins vegar ekki þessum hópi mótmælenda, enda var ég ekki mótfallinn Kárahnjúkavirkjun. Fyrir utan náttúruverndarhugmyndirnar var ég líklega höfundur viðamestu þælinga sem leikmaður hafði sett fram sem snerust um að finna sáttagrundvöll milli virkjana og náttúruverndar. Stríð er stríð, og víglína er víglína. Þegar ég stóð í kynningu þessara hugmynda 1995-1998 vissi ég vel að þarna væri frjór jarðvegur fyrir deilur, þó ég hafi ekki séð fyrir stærðarskalann á Kárahnjúkamálinu. Þess vegna lagði ég áherslu á að vera sem minnst áberandi, um leið og ég reyndi að koma þessum hugmyndum á framfæri eins vel og hægt var. Í stríði fer yfirveguð og hófsöm hugsun stundum sína leið, og það er ekki víst að þetta hafi hjálpað.

Ég fór í gagansafn Morgunblaðsins og athugaði hve margar greinar og fréttir komu upp sem svöruðu orðunum Eyjabakkar/Eyjabakka/Eyjabökkum og Kárahnjúkar/Kárahnjúka/Kárahnjúkum. Það er athyglisvert að skoða. Hástig deilna eru greinileg.

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?



Hve oft komu Eyjabakkar (bláar súlur) og Kárahnjúkar (rauðar súlur) fyrir í Morgunblaðinu á árunum 1993 til 2005. Eins og sést var lítið að gerast árin 1993-1997 þegar mín vinna var mestanpart í gangi, en svo fóru lætin af stað. Hámark deilna um hvert mál fyrir sig er greinilegt.

Mig langaði vissulega að taka þátt í einhverju starfi, hitta eitthvað fólk, spjalla og finna sálufélaga hjá fólki sem hefði áhuga á náttúruvernd. Vegna þessa mætti ég nokkrum sinnum á fund hjá Framtíðarlandinu og tók einhvern þátt í umræðum þar. Það var oftast á Cafe París við Austurvöll. Umræðuefnið var oftast það, að reyna að finna leið til að stöðva Kárahnjúkaverkefnið. Sjálfur var ég ekkert á móti því svo ég þagði nú bara. Þetta var samt ágætis fólk og yfirvegað, ekki eins og fólk í tjaldbúðunum við Kárahnjúka. Einhverju sinni talaði einhver reiðilega um að Vatnajökulspjóðgarður væri bara plott til að gera Kárahnjúka auðveldari í framkvæmd (ekki alveg rangt). Ég efast um að sú manneskja hafi vitað að ég var maðurinn á bak við helstu Vatnajökulshugmyndirnar sem höfðu komið fram. Ég hætti að lokum að mæta.

Annað dæmi er þegar ganga andstæðinga Kárahnjúka- og Fjarðarás verkefnisins fór niður Laugavegin og endaði á Austurvelli. Það voru nokkur þúsund manns sem tóku þátt og var þetta stór stund fyrir það fólk sem aðhylltist þær skoðanir. Myndi einhver halda að ég hefði gengið með? Nei, ég tók ekki þátt í þeirri göngu, enda ekki á móti Kárahnjúkum. Ég horfði á hana í sjónvarpinu með öðru auganu, um leið og ég sýslaði í einhverjum pappírnum minnir mig. Ég var ekki of hrifinn af þessu.

Árið 2001: Bollaleggingar um hvernig almenningur skiptist í hópa eftir viðhorfum.

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

Árið 2001 setti ég fram dreifirit með hugleiðingum um hver gætu verið viðhorf Íslendingar til virkjana og náttúruverndar. Mest heyrir í þeim sem hafa sterkastar skoðanir, en ég taldi að flestir væru blendingssinnar sem vildu hæfilegt jafnvægi af báðum þáttum. Hin harða afstaða þeirra sem eru með öfgafullar skoðanir í báðar áttir skeykir umræðuna mjög og fælir oft blendingssinna (sem ég er) frá því að láta í sér heyra. Ég taldi að öfgasinnarnir væru kannski 2-3% í hvorum hóp. Skoðanakannanir sem hafa verið gerðar leiða ekki í ljós hvort þessi skipting sé til staðar. Þegar spurt var t.d. um hvort svarandi væri hlynntur eða mótfallinn Kárahnjúkavirkjun, þá gaf svárið bara já eða nei en leiddi ekki fram hvort fólk sé öfga virkjanamenn, öfga náttúruverndarmenn, eða hófsamir sem vilja blanda þessu tvennu. Það getur hins vegar verið mikilvægt t.d. fyrir stjórnvöld að vita þetta, hvernig skoðanir almennings skipast í reynd. [Þessa grein má lesa hér á vefnum sverrir.info.](#)



Mynd sem sýnir tilgátuna um hvernig mannfjöldinn skiptist í raun eftir viðhorfum.

Árið 2004: Ýmis skrif, aðallega um efnahagshliðar. Samtöl við marga.


Næsta virkni var árið 2004. Í maí það ár kynnti umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, skýrslu um væntanlegan Vatnajökulspjóðgarð, „Þjóðgarður norðan Vatnajökuls – skýrsla nefndar um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan Vatnajökuls,“ og komu þar meðal annars fram tölur um að gjaldeyrstekjur af ferðamönnum gætu aukist um 4 milljarða á ári af Vatnajökulspjóðgarði sem næði yfir jökulinn allan. Þetta var dramatískt mál fyrir mig að sjá þetta. Mínar þælingar fjölluðu í raun meira um atvinnusköpun og aukningu tekna en náttúruverndarhugsjónir. Ég vissi vel að ég hefði haft töluverð áhrif á þetta mál gegnum allar mínar rannsóknir, tillögur og röksemdir. Hins vegar vissi ég ekki nákvæmlega hve mikil eða afgerandi áhrif ég hefði haft. Ég hélt að aðrir hefðu verið búnir að setja fram nokkuð skýrar hugmyndir um friðlýstan Vatnajökul, áður en ég byrjaði að setja slíkar hugmyndir fram. Ég náði mér í fyrrnefnda skýrslu til að skoða, og fór jafnframt að spyrjast fyrir.

Ég spurði m.a. fyrrum meðlimi í Náttúruverndarráði, bæði ráðsmann og formann, og var mér tjáð að það hefði aldrei gerst að neinn hefði lagt slíkt til. Málið var nefninlega að jökull er yfirhöfuð ekki svæði af því tagi sem náttúruverndarsamtök beina sjónum að. Ég hafði samband við Hjörleif Guttormsson og hann sagði mér frá listanum sem hann kynnti árið 1993, og sendi mér fax þar að lútandi. Eins og áður sagði voru 17 svæði á listanum, en ekki var fókuserað á Vatnajökul. Svo fór Hjörleifur að minnast á Vatnajökulspjóðgarð haustið 1997.


Hin ótrúlega mynd fór að teikna sig upp fyrir mig. Það virtist ljóst að ég væri sjálfur upphafsmaður að þessari hugmynd um að stofna svo stórt friðað svæði eða þjóðgarð á og kringum Vatnajökul. Mér var tjáð að það tíðkaðist ekki í náttúruverndargeiranum að tiltekna hugmyndir væru eignaðar tilteknum

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

einstaklingum. Hins vegar var mín hugmynd ekki náttúruverndarhugmynd fyrst og fremst heldur auðlindahugmynd, fyrir atvinnusköpun og styrkari markaðsstöðu landsins, og ekki síst á eystri hluta landins. Auk þess tilheyrði ég ekki neinum samtökum náttúruverndarfólks eða tók þátt í slíku starfi. Ég hafði því ekki persónulegar áhyggjur af því að sveigja þessa reglu. Þetta voru atvinnulífshugmyndir, og það er ekki verra að vita hvaðan slík hugmynd kemur og ekki síður, hvernig hún er hugsuð sem er fókusinn á vefnum Uppbygging eins og áður segir. Ef því er haldið fram að tiltekinn annar aðili/aðilar hafi komið fram með þetta mál, og þeir/þau gerðu það alls ekki, þá er ekkert hægt að læra af málinu.




Margfeldisáhrif af aukningu opinberra útgjalda í nokkrum löndum. Úr heftinu Áhrif Vatnajökulspjóðgarðs á þjóðarbúið.



Uppsöfnun margfeldisáhrifa vegna aukinna útgjalda í nokkrum löndum. Úr heftinu Áhrif Vatnajökulspjóðgarðs á þjóðarbúið.

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?



Mýnd úr heftinu Áhrif Vatnajökulspjóðgarðs á þjóðarbúið. Þetta er mynd af því sem fjallað var um í bókinni Hugmyndir, og er stærri mynd í textanum fyrir árið 1998, þar sem segir af bókinni.

Ég ákvað að setja aftur fram skrif til að kynna mínar hugleiðingar, og gera það vel. Þetta er dreifiritið „[Áhrif Vatnajökulspjóðgarðs á þjóðarbúið](#).“ Þar var lagt út frá áætlunum um tekjur af ferðamönnum sem unnar voru fyrir umhverfisráðuneytið, en einnig áætlunum um margfeldisáhrif ferðapjónustu á Íslandi, sem voru unnar fyrir samgönguráðuneytið af Hagfræðistofnun H.Í., og sá þáttur skýrður. Sýndur var samanburður við margfeldisáhrif af ýmsu tagi sem hafa verið metin í hagkerfum annarra landa og sýnt fram á að áætlunin um margfeldisáhrif ferðapjónustu á Íslandi var á svipuðu róli, og hvorki fáránlega há né lág.

Í lok sumars 2004 komu fregnir um að til stæði að halda fund í Skaftafelli þar sem ætlun var að skrifa undir samning um stækkun Skaftafellspjóðgarðs, svo að hann næði yfir syðri helming Vatnajökulspjóðgarðs. Ég sendi Siv Friðleifsdóttur umhverfisráðherra, sem ég hafði hitt árið 1997, tölvupóst og sagði að mér myndi þykja gaman að vera viðstaddur. Það væri ágætt að fá að vita hvenær þetta ætti að vera. Ég fékk póst til baka (eða símtal, man ekki) þar sem hún sagði að það væri minnsta málið, og spurði hvernig ég kæmi mér á staðinn. Ég vissi það ekki alveg enda var ég á milli bíla á því augnabliki, átti ekki slíkan (hafði losað mig við hinn um vorið en keypti annan nokkru síðar). Hún bauð mér þá að sitja bara í á leiðinni í Skaftafell, sem ég þáði með þökkum. Þannig var lagt af stað um 7:30 morguninn 12. September 2004.

Fylgdarliðið var umhverfisráðherrann Siv Friðleifsdóttir, Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytisins, og ráðherrabilstjórinn Skúli Oddsson. Faratækið var ráðherrabíllinn, Lexus jeppi, sem er ágætlega þægilegur þó hann sé ekki stór. Siv sat frammí en ég og ráðuneytisstjórinn með leðurtöskuna sína afturí. Á leiðinni fóru þau gegnum mál dagsins, hann rétti ráðherra pappíra sem hún blaðaði gegnum, rétti honum til baka og setti í töskuna, hann skrifaði athugasemdir, hún hringdi símtöl og talaði við hina og þessa. Svo var þeim verkefnum lokið eftir fáeina klukkutíma og þá var hægt að slaka á meðan bíllinn brunaði í átt að Skaftafelli. Svo var komið í Skaftafell og fundur hófst, en Magnús ráðuneytisstjóri var fundarstjóri. Það var húsfyllir. Siv hélt tölu og fleiri líka. Hún talaði svo sérstaklega um mig og mína vinnu í sinni ræðu. Þar sem enginn viðstaddur virtist vita hver maðurinn var þurfti ég að lyfta hendi og veifa svo fólk sæi kauða.

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?



Ferðafélagarnir frá vinstri Siv Friðleifsdóttir, Skúli Oddsson og Magnús Jóhannesson.



Siv gerir grein fyrir málinu. Á veggspjaldinu er Skaftafellspjóðgarður eftir þessa stækkun þá.



Í stað þess að klippa á borða voru bollar úr þæfðri ull bundnir saman til að tákna samstarf. Frá vinstri Albert Eymundsson, bæjarstjóri sveitarfélagsins Hornafjarðar, Ragnar Frank Kristjánsson þjóðgarðsvörður, Árni Jón Elíasson, oddviti Skaftárhrepps og Siv Friðleifsdóttir.



Á leiðinni heim var smelt af mynd.

Nokkrar svipmyndir frá ferðinni í Skaftafell


Svo var skemmtileg athöfn þar sem þrjár steinar í bollum gerðum úr ullaflóka voru bundnir saman með borða. Samstarfið hnýtt saman. Þetta var eitt af hennar allra síðustu embættisverkum sem umhverfisráðherra, og líklega ekki það síðasta stóra. Eftir göngutúr að Skaftafellsjökli með kynningu þjóðgarðsvarðar, og kaffi í Freysnesi var svo steðjað í bæinn á ný. Við stoppuðum þó til að horfa aðeins yfir Skaftafell og taka mynd. Ég var með ritið mitt nýja, **Áhrif Vatnajökulþjóðgarðs á þjóðarbúið**, ferskt úr prentaranum, og Siv las það á leiðinni. Greinilega þrautþjálfuð í að lesa hratt. Magnús ráðuneytisstjóri fékk sitt eintak einnig. Við stoppuðum á Hvolsvelli og fórum í sjoppuna.

Ég keypti eitthvað gos og súkkulaði held ég en Siv keypti poka af stjórnupoppi. Hún rak pokann að mér og spurði „viltu popp?“ og ég hugsaði „vá, þetta er ráðherra í ríkisstjórninni.“ Hún er skemmtilega óþvinguð og létt. Þegar heim var komið var kvaðst með virktum. Það var sérlega huggulegt af henni að bjóða mér far þarna austur. Með fullri virðingu fyrir þeim mörgu bílferðum sem

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

maður hefur farið í var þetta með eftirminnilegri bíltúrum. Ég hafði ekki séð Siv síðan 1997, og átti næst eftir að hitta hana árið 2008. Eins er með Björn Bjarnason, ég hef bara hitt hann einu sinni, árið 2004. Ég var því hálfgerður kaþbátur í þessu máli öllu, lítt sýnilegur fólki, en hins vegar talsvert virkur með mörg ritverk að baki. Og sá eini sem minntist á þetta árum saman.

Um haustið var gengið í að kynna þessi nýju skrif. Fyrst var það ritið Áhrif Vatnajökulspjóðgarðs á þjóðarbúið, en Siv hafði raunar fengið fyrsta eintakið. Nú var komið að því að senda það víðar. Og svo gott betur. Í október bættust við pappírar um [jákvæða byggðabróun](#), hvernig [Vatnajökulspjóðgarður gæti orðið til hagsbóta fyrir orkugeirann](#), rit sem fór gegnum [forsöguna og spurði hvaðan hugmyndin að Vatnajökulspjóðgarði kom](#), og loks rit sem reyndi að svara því með útreikningum [hvert gæti hugsanlega verið núvirði og sjóðstreymisvirði áhrifa af Vatnajökulspjóðgarði](#) (uppfært október 2005), [ásamt Reiknilíkani](#). Svo var gengið í að kynna þetta. Í janúar árið 2005 bættist við [opið bréf til orkugeirans](#). Það var alveg ákveðin ástæða fyrir því að ég var að leggja í þessa vinnu, en mig langaði m.a. að sjá hvort tækist að koma þessum hugleiðingum að og vekja betur athygli en áður þegar ég var að kynna grunn hugmyndirnar. Það voru athyglisverðar niðurstöðurnar.



Mynd úr heftinu Hagur orku- og stóriðjuverkefna framtíðarinnar af Vatnajökulspjóðgarði.

Ég hafði samband beint við um 230 manns sem telja mátti að tengdust þessum málum beint og óbeint. Ég hitti um 34 manns á fundi augliti til auglitis, þar á meðal rúmlega hálfra ríkisstjórnina. Þar kynnti ég nokkra þætti málsins stuttlega, og afhenti svo þessi rit. Það kom mér á óvart að það var mun auðveldara að fá fund með ráðherra en með framkvæmdastjórum fyrirtækja. Ég hafði haldið að það væri á hinn veginn. Svo talaði ég í síma við 198 manns í síma sýnist mér af mínum skrá, og sendi svo ritin í pósti. Að auki voru pappírar sendir beint í pósti til tæplega 60 manns án þess að haft væri samband áður í síma eða með fundi, en fundir og símtöl eru dálítið tímafrek.

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

$$\sum_{t=1}^a \left(\frac{(T \times M) / 2}{(1 + k_s)^t} \right) + \sum_{t=a+1}^b \left(\frac{(T \times M) \times (1 + g)^{t-a}}{(1 + k_s)^t} \right)$$

Skýring: "Greiðsla" fer úr 0 í fulla upphæð TxM á a árum. "Greiðsla" er því TxM/2 á ári að meðaltali.

Skýring: "Greiðsla" nær upphæð TxM á ári t=a og vex frá því um (1+g) á ári. Þetta er afvaxtað með (1+k).

Táknskýringar:

T: Aukning gjalddeyristekna
 M: Margfeldisáhrif
 k_s: Ávöxtunarkrafa
 g: Væntur vöxtur tekna

t: Tímunktur (tiltekið ár)
 a: Árið sem umræddum tekjuauka er náð
 b: Lengd greiðsluráðar í árum
 (Sept. 2004 - Sverrir Sv. Sigurðarson)

Formúla sem reiknar núvirði hugsanlegs sjóðstreymis (tekjuaukningar) vegna Vatnajökulspjóðgarðs, sett saman af mér. Þessi formúla er tæknilega séð í Excel-skjalinu. Myndin er úr heftinu „Hvert er hugsanlegt núvirði þjóðgarðsins? Hvert er hugsanlegt sjóðstreymisvirði?“ Niðurstaða var að jákvæð áhrif þjóðgarðsins gætu numið mörg hundruð milljörðum króna á fyrstu fjórtíu árum, en núvirðið var erfitt að reikna en gat numið tugum milljarða.

$$\frac{(T \times M)_1}{k_s - g}$$

Einfaldasta reikniformúla núvirðis. Höfð með til sýnis, í sama hefti.

Hvers virði gætu áhrif Vatnajökulspjóðgarðs verið, m.v. forsendur?		Hvers virði gætu áhrif Vatnajökulspjóðgarðs verið, m.v. forsendur?		Hvers virði gætu áhrif Vatnajökulspjóðgarðs verið, m.v. forsendur?		Hvers virði gætu áhrif Vatnajökulspjóðgarðs verið, m.v. forsendur?	
Þáttur		Þáttur		Þáttur		Þáttur	
Áhrif	Virði	Áhrif	Virði	Áhrif	Virði	Áhrif	Virði
Núvirði	1000	Núvirði	1000	Núvirði	1000	Núvirði	1000
Virði	1000	Virði	1000	Virði	1000	Virði	1000
...

Skjáskot af Excelskjali sem notað var til að reikna út hugsanlegt núvirði og sjóðstreymisvirði Vatnajökulspjóðgarðs. Skjalid er aðgengilegt á vefnum sverrir.info svo hver sem er getur leikið sér að því að setja inn skýsamlegar forsendur. Tölur eru byggðar á ýmsum opinberum forsendum en taka skal fram að svona útreikningar og framtíðarspár eru ónákvæmar og aðeins til hliðsjónar.

Í spjalli sagði ég frá því sem var í pappírnum, og talaði um einhver af þessum atriðum, eða kannski jafnvel öll ef tími var til, svona á kurteisari og þægilegan hátt: Hvernig hugmyndir væru líklega orðnar til, hverjar hefðu verið forsendur hugmyndanna, hvernig röksemdir hefðu verið þróaðar og hvaðan

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

staðreyndir væru fengnar, hvernig opinber spá hefði verið sett fram um tekjuauka og hvernig væri reiknað úr því nánar, og hvaða fjöldi af nýjum störfum gætu hugsanlega orðið til á Íslandi og hver forsendan væri fyrir þeirri áætlun (um 500-1000 ný störf á Íslandi á endanum með margfeldisáhrifum, en að vísu eftir töluverðan tíma), og hverjir hefðu verið að fjalla um svipað á árunum fyrir samþykkt þjóðgarðsins. Það var ekki talað í belg og biðu, ég tek það fram.

Þarna var ég að tala við stóran hluta af þeim sem má segja að voru á toppnum í íslensku samfélagi og með mesta ábyrgð, á þeim sviðum sem tengjast þessum sviðum í pólitík og hagsmunavörslu. Þegar talað er beint við um 230 manns þá býst maður ekki við að neinn samþykki það sem maður er að leggja fram, enda hafa viðkomandi ekki séð þetta fyrr. Hins vegar má spyrja hvort ekki hefði mátt búast við að t.d. 2-4% af þeim, eða 5 til 10 manns, hefðu farið að velta vöngum og spyrja einhverra spurninga í spjallinu. Spurninga sem myndu snúast um t.d. „hvernig voru þessar hugmyndir þróaðar?“, „hvaða gögn voru til grundvallar?“, „hver vissi af þessum hugmyndum?“, „hvað bendir til þess að þessar hugmyndir hafi haft áhrif?“, „voru engir aðrir að setja fram svona hugmyndir?“, „hvernig veistu það?“, „hvaða forsendur voru fyrir útreikningum á hugsanlegum nýjum störfum?“, „hvernig getur það verið að þessar hugmyndir hafi ekki verið á móti virkjunum heldur reyni að samræma virkjanir og friðun, og geti jafnvel verið gagnlegar fyrir virkjanabransann?“ og slíkt.

Það er ekki við því að búast að margir spyrji að slíku, því margir sýna varkárni í samtölum, en mér finnst að það hefði engu að síður mátt búast við að fáeinir (örfáir) væru framhleyrnari og aggresívari, og myndu fara að ræða mál á þennan hátt. En það var ekki ein einasta manneskja sem spurði að neinu. Þetta fólk var ýmist áhugalaust, viðkunnanlegt, óöruggt eða vandræðalegt, en örfáir, kannski þrír, voru fjandsamlegir. Ég sá sáralítinn eða engan skilning í þessum andlitum eða heyrði í þessum röddum.

Af þessu fólki sem ég talaði við má segja að fjögur þeirra hafi sagt eitthvað sem væri í áttina að orðinu „takk,“ sem sagt þakkir fyrir þetta framlag og sendingu. Einn sveitarstjórnarmaður á Austurlandi, ein kona og einn karl, bæði í náttúruverndargeiranum, öll þrjú í símann. Svo til viðbótar Sigríður Anna Þórðardóttir, umhverfisráðherra þá, á fundi hjá Rotaryklúbbum í Garðabæ.

Ég reyndi að meta viðmælendur á meðan ég spjallaði við þá og fékk að lokum sterkt á tilfinninguna, að þetta fólk væri raunar með litla tilfinningu fyrir nýsköpun af þessu tagi, sem byggir á því að fá ákveðna grunn hugmynd, byggja upp með hnitmiðuðum rökum byggt á skoðun á staðreyndum, þannig að lokamyndin sé tillaga sem sé hægt að taka afstöðu til. Það kunni ekki sjálfkrafa að „lesa í leikinn.“ Ég er sannfærður um að hjá hinum stóru þjóðum með langa reynslu af þróun nýjunga hefðu fleiri verið með á nótunum í svona máli. Ég vil engan móðga og veit að það er ákveðinn kjarni fólks hér með góða þekkingu á nýsköpun. En hinir, hafa þeir nægan skilning til að geta spurt spurninga og dregið ályktanir? Átta þeir sig á þegar þeir horfa á ávexti svona nýsköpunarmáls. Ég fékk þá tilfinningu að svo væri ekki. Við núverandi aðstæður getur það verið afar slæmt.


Það voru nokkur nöfn á listanum yfir þá sem ég ætlaði að hafa samband við sem ég hafði ekki haft samband við, en á endanum lagði ég þetta til hliðar til að sinna öðru. Nægur tími hafði farið í þetta.

Þetta er eitt af megin lykilatriðunum og ein megin ástæða þess að mér fannst ástæða til að setja niður hugleiðingar sem eru birtar á vefnum Uppbygging. Módelið um „boðhlaupið“ varð meðal


Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

annars til síðar vegna þessa. Hvort það mótur verði einhverjum gagnlegt er svo önnur saga. Ég hef alla vega gert mitt. .

Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra var svo rausnarleg að veita mér styrk, krónur 100.000 til þessa verkefnis árið 2004. Útlagður kostnaður í ljósrít, umslög og frímerki var um 180.000 krónur, og bar ég því 80.000 kr sjálfur. Laun fyrir þessa vinnu voru auðvitað engin. Þetta var eigin uppátæki eins og áður. Það sem ég var að reyna með þessu brótti bar engan árangur, en ég lét vera að upplýsa hvað það var.



Veggspjald Landverndar sem á að sýna neikvæð áhrif af virkjunum á árnar í landinu. Allt ónýtt?



Mín útgáfa af ástandinu (neðri). Ég viðurkenni að vísu mistök varðandi Löginn sem er nú mengaður af framburði sem áður fór niður Jökulsá á Brú. Þetta sýndi ég á fundi hjá Rótarýklúbbsi Garðabæjar.

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

Í nóvember, árið 2004, var ég með örkynningu í ferð Rotaryklúbbs Garðabæjar til Ungverjalands. Stóð ég upp í rútunni og hélt um hálf tíma tölu um þessa vinnu alla og hugmyndirnar meðan ekið var norður meðfram Balaton vatni, á leið til Budapest. Annars er ég ekki í Rotary, ég var bara gestur með.

Árin 2005-2006: Meiri skrif um efnahagshliðar. Samtöl við fleiri.

Fáeina af þessum 290 manna hópi talaði ég við í janúar 2005.

Um vorið 2005 fór ég á fund hjá Rotaryklúbbi Garðabæjar þar sem Sigríður Anna Þórðardóttir þáverandi umhverfisráðherra var gestur fundarins. Eg hafði hitt hana og langaði að heyra hvað hún væri að segja. Þar fjallaði hún um sitt starf og þakkaði mér svo fyrir það framlag sem ég hafði innt af hendi, og er það tæknilega séð eina skiptið sem mér hefur verið þakkað fyrir þetta svona hreint út í heyrenda hljóði með orðunum „þakka þér“ á ég við (hin voru í símann). Þá stóð upp Ólafur G. Einarsson, fyrrum þingmaður og menntamálaráðherra, og þá formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands, og lagði til að mér yrði boðið að vera gestur næsta fundar svo ég gæti kynnt það sem ég hefði frá að segja. Hjá Rotary er jafnan gestur eða fyrirlesari á hverjum fundi sem kynnir eitthvert áhugavert mál. Ég samþykkti það.

Um það leiti var Landvernd að kynna veggspjald sem átti að sýna hvaða áhrif virkjanir hefðu á árnar í landinu. Ég er maður meðalhófs og fannst myndin dálítið öfgakennd, og bjó því til eigin mynd sem sýndi, að mér fannst, að skaðinn af vatnsaflsvirkjunum væri ekki eins mikill og Landvernd vildi halda fram. Á fundinum talaði ég stuttlega um það sem ég hefði gert í hálendismálum árin á undan, og sýndi svo myndina og útskýrði. Ég er ekki viss um að fólk frá Landvernd hefði haft gaman af að hlusta á fyrirlesturinn.

Það var rólegt í framhaldinu. Í september 2005 setti ég [reiknilíkanið](#) á vefinn sem ég hafði útbúið til að skoða hugsanlegt virði þjóðgarðsins út frá tölum frá hinum opinbera. Þeir sem vilja geta hlaðið því niður og prófað að setja inn skynsamlegar forsendur til að fá út hófsamanr niðurstöður. Þeir sem vilja geta líka sett inn brjáláðar forsendur og fengið út snarbrjáláðar niðurstöður. Það er alltaf gaman að leika sér í Excel, en Excel er reyndar mjög sniðugt tæki ef maður notar það rétt.

Árið 2008: Þjóðgarðurinn stofnaður og búinn til vefurinn SeeVatnajokull.is í framhaldinu, en kynningu frestað.


Frá 2006 til 2008 gerði ég þrjár myndir sem sýndu þróun heildarmálsins frá mismunandi sjónarhornum og setti á vefinn sverrir.info. Þetta var ekki kynnt, svo örfáir hafa séð það, ef einhverjir.

Árið 2008 var komið að því að stjórnvöld stofnuðu Vatnajökulspjóðgarð formlega. Ég ákvað að vera á staðnum. Þetta var 7. júní. Þarna var Siv Friðleifsdóttir, fyrrum umhverfisráðherra, einnig og urðu fagnaðarfundir. Siv gerði tvær tilraunir til að kynna mig fyrir væntanlegum framkvæmdastjóra, og sagði að hann yrði að tala við mig, og líka stjórnarformanni garðsins. Þau höfðu þó engan áhuga á neinu spjalli, sem mér þótti skrýtið, enda var Siv fyrrverandi umhverfisráðherra sem hafði haft málið á sinni könnu lengsta allra umhverfisráðherra, og hafði startað málinu hjá stjórnslunni árið 1999. Afhverju hunsaði þetta fólk ábendingu um að spjalla við mann sem hún vísaði á?

Staða og tillögur gegnum tíðina >>>>

Vatnajökulspjóðgarður: Þróunin á einni síðu

Hver var atburðarás, óopinber og opinber, varðandi verndun Vatnajökuls og umhverfis, og hvaðan komu tillögur og rök. Hverjir unnu í málinu og hvernig? Tæmandi upptalning á þróun máls, í þremur hlutum.



I Hluti 1: Ítarleg grunnhugmynd sett fram, með ýmsum rökum og upplýsingum.

II Hluti 2: Tillaga borin fram á Alþingi, fær umsagnir, henni breytt, og hún samþykkt.

III Hluti 3: Endanleg útfærsla mótuð af opinberum aðilum, og svo framkvæmd.

(Staða varðandi Vatnajökul og umhverfi áður): Esjufjöll voru vernduð sem friðland og þjóðgarður í Skaftafelli náði upp að Grímsvötnum. Að öðru leiti var engin teljandi umræða um verndun annarra hluta af Vatnajökli eða myndun stórs samfellds svæðis, og líklega ekkert opinberlega. Mývatns- og Laxársvæðið var stærsta friðaða svæðið, norð-(vestan) jökulsins, frá 1974. Lítið var að gerast á sviði náttúruverndar á tíunda áratugnum og litlar líkur á að ný svæði yrðu friðuð, skv. Öruggum heimildum. (Hluti 1 hefst) > Október 1992, Blaðgrein SSS: Nauðsyn verndunar Ódáðahrauns og umhverfis f.o.f. vegna markaðsmyndar. Skrifað vegna hugmynda um raflinu þar og deilna þar um, og tekið undir að linan yrði færð norðar.

> Vor 1993: Nokkrar hugmyndir ræddar í náttúruverndarráði, sumar ná inn á Vatnajökul, en ekkert frekar gerist.

> Október 1993: Hjörll. G. kynnir lista með 17 svæðum fyrir Náttúruverndarþingi til skoðunar, Vatnajökull þar á meðal. Ekkert frekara ferli fer af stað vegna þessara atvika skv. upplýsingum úr fundargerðum, og frá Hjörll. G.

> September 1994, Blaðgrein SSS: Fyrirsprung til stjórnmannaformanns Landsvirkjunar, (svarað sept. '94).

> September 1994, SSS: Iceland's image in tourism, fyrirspurn til 30 erlendra hótelfyrirtækja.

> Janúar 1995, Blaðgrein SSS: Hugleiðing um Ísland og framtíðina: Friðun, leið að bættum hag? I.

> Janúar 1995, Blaðgrein SSS: Hugleiðing um Ísland og framtíðina: Friðun, leið að bættum hag? II.

> Janúar 1995, Blaðgrein SSS: Hugleiðing um Ísland og framtíðina: Friðun, leið að bættum hag? III. (Í þessum þremur greinum var í fyrsta skipti sett fram opinberlega heildstæð, ítarlega rökstudd tillaga að verndun Vatnajökuls og svæðis í kring til að búa til stærsta friðaða svæði eða þjóðgarð í Vestur-Evrópu. Tillagan fjallaði aðallega um markaðsmál og verðmætasköpun, en sérstök áhersla var á að virða virkjanageirann og hefðbundna náttúruvernd, og alla aðra. Höfundur var þá nemandi í viðskiptafræðum.)

> Janúar-febrúar 1995, SSS dreifirit: Nánari skýringar við "Hugleiðingu um Ísland og framtíðina."

> April 1995, dreifirit SSS: Möguleiki á framkvæmd. Fjallað um hvernig mætti stofna svæðið í einu, einföldu skrefi.

> September 1995, dreifirit SSS: Um sæstreng. Skoðuð æskileg og óæskileg áhrif. Kynning á rökum fyrir mótvægishugmynd.

> September 1996, verðlaunatilgaga SSS í hugmyndasamkeppninni Ísland árið 2018. 1.-3. sæti (á vegum Skipulags ríkisins og umhverfisráðuneytisins): Ísland: Friðlýst náttúra og umheimurinn. Flestir þátttakendur voru fagmenn.

> Október 1996, SSS talaði á ráðstefnu í Norræna húsinu vegna samkeppninnar Ísland árið 2018. Margir viðstaddir.

> Janúar 1997, Stutt viðtal við SSS í Morgunblaðinu, einn leiðarahlöfundar skrifar forystugrein daginn eftir um hugm. Sverris.

> Febrúar 1997, SSS talaði á fundi Náttúruverndarsamtaka Íslands, kynnti jafnvægishugmynd, var vel tekið.

> April 1997 verðlaunargerð SSS í ritgerðasamkeppni Vísindningar: Landnýting og orka. Athugun á förnarkostnaði.

> April 1997, SSS talaði á opnum fundi í MH (Hjórl. G. en ekki fyrir friðun á og kringum Vatnajökul).

> Nóvember 1997, Blaðgrein SSS: Um skipulag hálendis Íslands og alþjóðlegt samhengi. Bent á alþjóðl. fylgi við náttúruvernd.

1994, 1995, 1996, 1997, innlegg í opinbera umræðu frá öðrum en SSS: Engin, utan jákvæð orð frá þrem, og neikvæð frá einum.

(Hluti 2 hefst) > Febrúar 1998, Hjörll.G. setur fram þingsályktunartillögu á Alþingi um þjóðgarða á fjórum stórjökulum.

Vísad til umhverfisnefndar. Ýmis innlend samtök gefa umsögn um hugmyndina, flest jákvæð, önnur ekki eins jákvæð.

Tillagan um fjóra jöklaþjóðgarða sett aftur fram á Alþingi október 1998 og vísad til umhverfisnefndar Alþingis.

> Maí 1998, Stuðn. við till. SSS í Cand.Merc. ritg. Hákonar Þ. Sindrasonar frá Copenhagen Business School. Grein Mbl. nív. '98.

> Desember 1998, grein SSS í bókinni Hugmyndir: Náttúra Íslands og viðskiptalíf. Um hvernig bætt ímynd v. friðaðs svæðis á/kringum Vatnajökul gæti nýst viðskiptalífi. (Hluta 1 lokið. SSS dregur sig í hlé, litt þekktur. Setti hugmyndirnar fram með námi til að auka umræðuna samfélagi til góðs. Enginn annar setti fram rök aðeins fyrir friðun Vatnajökuls og umhv. frá 1995-98.)

> Febrúar-mars 1999: Tillaga Hjörll.G. um fjóra jöklaþjóðgarða redd, hafnað öbr. Skorin niður í aðeins Vatnajökul 6.3.

í umhv.nefnd, og samþykkt á Alþingi 10.3. 1999. (já 46, nei 0, greiddu ekki 0, fjarvíst 0, fjarver. 17). (Hluta 2 lokið)

(Hluti 3 hefst) > September 2000: Stofnun Vatnajökulspjóðgarðs samþykkt í Ríkisstjórn.

> (Febrúar 2001, viðbót, dreifirit SSS: Hugleiðing um viðhorf Íslendinga til orku- og náttúruverndarmála).

> Umhverfisráðherra skipar þrjár nefndir í kjölfarið, árin 2000, 2002 og 2003 sem skila tillögum um útfærslu þjóðgarðsins. Einnig er fjallað um málið í fjölmiðlum, haldnir fundir og ráðstefnur.

> Janúar 2004: Hagfræðistofnun H.I. skilar skýrslu til samgönguráðuneytisins. Þar eru metin margfeldisáhrif ferðahjónustu á íslenska hagkerfið, og niðurstaðan er margfeldisstuðullinn 4,04 (reiknað SSS úr tölum).

> Maí 2004. Fjórða nefndin, þingmannanefnd skipuð af ráðherra, skilar skýrslu.

> September 2004: Umhverfisráðherra og forráðamenn Skaftárhrepps og Hornafjarðarhrepps skrifa undir viljayfirlýsingu um stækkun Skaftafellsþjóðgarðs.

> Október 2004: Umhverfisráðherra skrifa undir reglugerð um stækkun Skaftafellsþjóðgarðs.

> (2004-2005, viðbót, dreifirit SSS: Nokkrar frekari hugleiðingar, frá ýmsum hliðum, einkanl. fjárhagslegum.)

> 26. janúar 2005: Ríkisstjórnin samþykkir tillögu að útfærslu Vatnajökulspjóðgarðs.

> 10. nóvember 2006: Ríkisstjórnin samþykkir frumvarp um Vatnajökulspjóðgarð. Í frétt kemur fram að Rannsóknir og ráðgjöf ferðahjónustunnar ehf. meta að stór þjóðgarður myndi auka gjalddeyriskjör um 4 milljarða

árið 2012 og 11 árið 2020. Með margfeldisáhrifum gæti þetta þýtt 44 milljarða aukningu veltu í efnahagslífi, 3,5

milljarða aukningu tekna sveitarfélaga og 9,6 milljarða hjá ríki árið 2020.

> 17. mars 2007: Alþingi samþykkir lög um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007 (heilðarlög).






> Næstu ár: Þjóðgarðurinn verður stofnaður í áföngum.

Litalýklar: SSS: Sverrir Sv. Sigurðarson. Hjörll.G.: Hjörleifur Guttormsson, og Náttúruverndarráð. Þáttur hins opinbera.

Sett saman okt '05, uppf. maí '07, Sverrir Sv. Sigurðarson, viðsk.fr., byggt á bestu fánlegu gögnum og samskiptum við fjölmarga. Nánari uppl. á www.sssig.com.

Árið 2005 (uppfær 2007) bjó ég líka til yfirlit yfir ferli málsins. Þetta var til hliðsjónar en ekki dreift neins staðar. [Þetta má sjá í stærri prentútgáfu hér.](#)

Forsendur Alþingis og ríkisstjórnar fyrir samþykkt tillögu um Vatnajökulspjóðgarðs: Hvaðan komu hugmyndir, tillögur og röksemdir sem komnar voru fram fyrir samþykkt þingsályktunartillögunnar, og þróun eftir hana.
 Árið 1992 hafði aldrei verið lagt til að friðlýsa Vatnajökul og nágrenni í eina heild, eða jökla almennt. Hins vegar voru um 250 svæði á náttúruminjaskrá, mis stór og lítil, sem lítil áhugi var á að friðlýsa á þeim tíma hjá stjórnvöldum.

<p>Tillögur og röksemdir Sverris Sv. Sigurðarsonar um friðun Vatnajökuls og nálægra svæða í eina heild, þ.e. <i>þá lausn afmarkaða</i>.</p>	<p>Tillögur og röksemdir annarra um friðun Vatnajökuls og nálægra svæða í eina heild, þ.e. <i>þá lausn afmarkaða</i>, (ekki aðeins almennar umsagnir).</p>	<p>Allar tillögur að friðun Vatnajökuls</p>	<p>Tillögur og röksemdir svipaðar þeirri um friðun Vatnajökuls og nálægra svæða í eina heild, <i>en þó eðlis ólíkar</i>.</p>
<p>Í nóvember 1992 birti Sverrir Sv. Sigurðarson blaðagrein með röksemdum fyrir friðun svæðis norðan Vatnajökuls út frá markaðs-sjónarmiðum, og lögð á fyrirhugaðri raflinu ögn norðar, í kjölfar umræðu um það mál.</p>	<p>Ár: 1993</p> <p>1994</p>	<p>Staða friðlýsinga árið 1992</p> 	<p>Nokkrar hugmyndir ræddar í Náttúruverndarráði voru 1993, m.a. inn á Vatnajökul, en ekkert gerist frekar, m.a. vegna áhuga-leysis stjórnvalda á friðun á þeim tíma.</p>
<p>Sverrir þróaði hugmynd um friðun Vatnajökuls og svæða um kring í eitt friðað svæði eða þjóðgarð frá hausti 1992 til ársloka 1994. Hugmynd er mikilvæg en ekki eru síður mikilvæg rök fyrir hvers vegna eigi að framkvæma hugmynd. Sverrir rannsakaði og þróaði ítarleg rök fyrir þeirri hugmynd eingöngu út frá markaðs- og atvinnu-tækifærum þjóðarinnar, sem var algert nýmæli hér á landi. Einnig var bent á hugsanlega sáttaleið virkjana og friðunar, sem hafði varla heyrst áður frá leikmanni.</p>	<p>1995</p>	<p>Hugmynd Sverris að útfærslu nr. 1 (1995)</p> 	<p>Listi Hjörleifs Guttormssonar, yfir 17 svæði til skoðunar m.t.t. hugsanlegrar friðunar, lagður fram á Náttúruverndarþingi í október 1993. Vatnajökull þar á meðal, en ekkert gerðist frekar í þeim málum.</p>
<p>1. Í janúar 1995 kynnti Sverrir Sv. Sigurðarson hugmyndir og röksemdir fyrir friðun Vatnajökuls og svæða umhverfis í eina heild út frá markaðs- og atvinnusjónarmiðum Íslands, og vann áfram að því verki, m.a. vegna hvetjandi áhrifa frá fáeinum aðilum, en var sjálfur ávallt lítt áberandi:</p>	<p>1996</p>	<p>Hugmynd Sverris að útfærslu nr. 2 (1995)</p> 	<p>Ályktun um tillögu að eldfjallafríðlandi samþykkt á Náttúruverndarþingi 1995, (nær ekki inn á Vatnajökul).</p>
<p>Skýringar:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1 Jan 95: Blaðagrein 2 Jan 95: Blaðagrein 3 Jan 95: Blaðagrein 4 Feb 95: Dreifirit 5 Apr 95: Dreifirit 6 Sep 95: Dreifirit 7 Jún 96: Þátttaka í samkeppni á vegum hins opinbera 8 Sep 96: 1.-3. verðlaun í þeirri samkeppni, talað á ráðstefnu 9 Jan 97: Dagblaðsviðtal 10 Feb 97: Talað á fundi Náttúruverndarsamtaka Íslands 11 Apr 97: Verðlaunaritgerð háskólanema í Vísbendingu 12 Apr 97: Talað á fundi í MH 13 Nóv 97: Blaðagrein 14 Apr 98: Skrifað í bók (greinasafn ungra höfundna sem veltu fyrir sér ýmsum málum) 15 Des 98: Greinasafn kemur út (Öll skrif Sverris 1992-2007 eru á vefnum www.sverrir.info.) 	<p>1997</p> <p>Engar tillögur eða rök frá öðrum en Sverri fram til 6. mars 1999.</p>	<p>Hugmynd Sverris að útfærslu nr. 3 (1996)</p> 	<p>Likleg útfærsla Vatnajökulspjóðgarðs, (Mývatns- og Laxarsvæði hefur verið aflagt, og því teygist megin svæði þjóðgarðs ekki eins langt í norður).</p>
<p>1999</p>	<p>1998</p> <p>10. mars 1999 þingsályktun samþykkt á Alþingi.</p>	<p>Tillaga Hjörleifs Guttormssonar (1998)</p> 	<p>Í febrúar 1998 lagði Hjörleifur Guttormsson fram tillögu til þingsályktunar um stofnun fjögurra þjóðgarða á fjórum jöklum samtímis. Tillaga rædd, ýmsir aðilar gefa umsögn árið 1998, lagt aftur fram um haust, en tillögu hafnað í umhverfisnefnd Alþingis 6. mars 1999.</p>

(Sett saman af Sverri Sv. Sigurðarsyni, desember 2007.)

Frá þessum punkti þróaðist hinn opinberi hluti málsins: Stofnun þjóðgarðsins samþykkt af ríkisstjórn, og sem lög 2007. Málið hefur farið um hendur fimm umhverfisráðherra og fjögurra ráðherraskipaðra nefnda. Stofna átti þjóðgarðinn árið 2001, en það tafðist og er stefnt á stofnun snemma á árinu 2008. Enginn megin munur er á hugmyndum Sverris Sv. Sigurðarsonar 1992-1998 og hugtökum og röksemdum sem höfð voru uppi af stjórnámálum frá 1999-2007.

Árið 2008 bjó ég til annað yfirlit yfir ferli málsins, sem mér fannst aðeins skýrara. Þetta var til hliðsjónar en ekki dreift neins staðar. [Þetta má sjá í stærri prentútgáfu hér.](#)

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

Annars var léttur og afslappaður andi yfir fundinum, enda tilefnð sérlega ánægjulegt. Ég ákvað að standa bara úti í horni og fylgjast með þessu gerast. Þetta var þeirra „sjó“, ekki mitt. Minn hluti var búinn. Ég var með litla videotökuvél til að ná einhverju af þessu. Ómar Ragnarsson var þarna líka við hliðina á mér með sína stóru upptökuvél. Ýmis ávörp voru flutt eins og vera ber. Í ávörpum bæði stjórnarformanns garðsins og þáverandi umhverfisráðherra fóru ræðumenn yfir aðdragandann að stofnun þjóðgarðsins, nefndu þá aðila sem höfðu borið hitann og þungann af málinu frá upphafi, og svo komu þakkir til þeirra sem hefðu gert þennan þjóðgarð að veruleika. Þarna var borin fram runa af nöfnum stjórnáráðgjafanna og embættismanna sem unnu eða höfðu unnið að málinu. Var þetta allt þeim að þakka, og aðeins þeim. Það þarf varla að taka fram að þetta fólk var allt á launum við sína vinnu. Það var hálf súrrealískt fyrir mig að hlusta á þetta. Í stuttu máli þá var fyrsti hluti „boðhlaupsins“ ekki til staðar, sem er afstaða sem kemur mér ekki sérlega á óvart. Ég vissi sem var að þetta fólk hefði líklega aldrei heyrt af minni vinnu og var ekki að stressa mig mikið yfir þessu. Svo var orðið laust.

Siv, fyrrum umhverfisráðherra, sté í pontu og talaði um aðdragandann. Svo sagðist hún vilja minnst á tvo aðila sem hefðu haft sérlega mikið með þetta mál að gera í upphafi, en væri lítið minnst á núna. Þessir voru Hjörleifur Guttormsson sem var þarna líka viðstaddur, og ég undirritaður. Þetta kom aðeins flatt uppá mig, en hún hafði gert þetta áður. Þetta var vinsamlega gert. Ég þurfti að veifa aftur svo fólk sæi um hvern væri talað, því fáir vissu hver ég var. Hjörleifur fór í pontu og talaði um forsöguna að þjóðgarðinum, hvaða þættir hefðu haft áhrif. Allt sem hann sagði var rétt þannig séð, eins og ævinlega, en hann minntist ekki einu orði á mig. En hann tók þó í hendina á mér á fundinum og var afar hlýlegur.

(Í framhjálaupi má minnst á að ég var líka eitt sinn viðstaddur samkomu vegna afmælis Hjörleifs, og þar var hann mæður í hástert af fylgifsólki sínu fyrir það að vera eini upphafsmaður Vatnajökulspjóðgarðs. Aftur sagði Hjörleifur ekkert sem var rangt þannig séð, en hann mótmælti því heldur ekki að hann væri eini upphafsmaður þjóðgarðsins og mér sýndist ekki að honum þætti lofið slæmt. Þetta var sérkennilegt að fylgjast með. Hjörleifur hefur margt gott gert og sjálfsagt að hrósa því, en þó má hafa raunsæi með. Einnig hef ég fundið talsvert af efni á vefnum. Þetta sýnir kannski aðallega að ég lagið áherslu á að vera sem minnst áberandi, en kannski líka það að fólk vill halda fram sinni hlið og sínum skoðunum eða hagsmunahóp.)

Aftur að fundinum í Skaftafelli. Það var spurt hvort einhver vildi segja eitthvað ... orðið væri laust. Ég ákvað að fara í pontu, ekki til að messa yfir lýðnum um mína fyrri vinnu og reyna að hamra einhverju inn í viðstadda, enda hefði það getað orðið mjög langt mál eins og lesandi getur ímyndað sér hér. Nei, ég ákvað að gera eitthvað skemmtilegra á þessari merku stund. Ég hafði áður fengið hugmynd um að til að hjálpa til við kynningu þjóðgarðsins gæti verið snjallt að setja upp samfélagsvef („social network“), þar sem gestir gætu sett inn myndir, myndskreið og sögur frá heimsókn sinni á Vatnajökulssvæðið. Svipað og Facebook. Smám saman gæti byggst upp vefur með miklu efni vonandi, sem gæti orðið svæðinu til betri kynningar. Fyrst Siv var að minnst á mig þarna ákvað ég að ég gæti allt eins farið upp í pontu og sagt frá þessari hugmynd.

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

Þarna sat fremst Þórunn Sveinbjarnardóttir, sem var umhverfisráðherra þegar garðurinn var stofnaður. Mér sýndist hún verða skelfingu lostin þegar ég fór að lýsa þessum svaka hugmyndum, sem hljómuðu eflaust mjög dýrar, en svo róaðist hún aðeins þegar ég lýsti því að þetta væri raunar ekki mjög erfitt, og alls ekki dýrt. En ég er ekki viss um að viðstaddir hafi haft mikla trú á þessari hugmynd. Vef eins og Facebook um þjóðgarðinn? En ég hafði spil uppí erminni.

Eftir öll ræðuhöld náði ég þó að eiga stutt spjall við framkvæmdastjóra og stjórnarformann þjóðgarðsins. Samtölin vörðu í sirka hálfa mínútu og eina mínútu. Þau sögðust aldrei hafa heyrt um mína vinnu, eða að það sem ég hafði verið að bardúsa eitthvað sem kæmi þjóðgarðinum við. Þau höfðu engan áhuga á að ræða það frekar og fóru svo að tala við aðra.

Ég náði ekki að tala við Þórunni Sveinbjarnardóttur, umhverfisráðherra. Með henni voru vinkonur sem héldu sig nærri, og höfðu allt í einu mjög eindreginn áhuga á að spjalla þegar ég var kominn í í fimm metra radíus frá ráðherranum. Fimm metrar, ekki nær. En ég náði þó að taka í hendina á Þórunni, eins og ég tók í hendina á Guðmundi Bjarnasyni fyrrum umhverfisráðherra í janúar 1997 í Norræna húsinu, ellefu árum fyrr. Annars vorum við Þórunn bæði blaðamenn á Morgunblaðinu á sama tíma. Ég veit ekki hvort hún mundi eftir mér því fljótlega hætti hún og tók sæti á Alþingi. Ég sá það síðar, og þá rifjaðist það upp. Þar þarna. Básinn hennar var í vestari hluta á blaðamannahæðinni, fyrir miðju minnir mig. Það þýðir að hún skrifaði í aðalblaðið, en ég var í viðskiptafréttum í austurhlutanum. Eins man ég eftir henni að kvöldi þar sem var verið að ganga frá lokafrágangi blaðs næsta dags, eða að „loka blaðinu“ eins og það var kallað.

Hvað varðar hugmyndina að þessum samfélagsvef vissi ég vel að ég gæti varpað fram svona hugmynd, en það myndi enginn framkvæma hana ... nema ég sjálfur gerði það ... sem ég og gerði ... litla gula hænán. Úr þessu varð vefurinn www.SeeVatnajokull.is sem er byggður á kerfi sem boðið er af fyrirtækinu Ning. Hann er nú þegar með miklu af efni, og dálitlum hópi félaga. Þér er boðið hér með! Að setja þetta upp kostaði ekki mikið, eða um 3.000 krónur í bein útgjöld hvort sem fólk trúir því eða ekki, en einnig talsverða vinnu sem þó er ekki sérlega flókin. Þetta er hægt ef maður veit hvernig, og það vissi ég vel þegar ég var að kynna hugmyndina.

Vefurinn var tilbúinn í grunninn í byrjun júlí 2008, með slatta af myndum og myndskleiðum, korti og slíku, einum mánuði eftir athöfnina í Skaftafelli. Það þurfti að snurfusa hann og bæta eins og gengur og var hann svo í raun tilbúinn til kynningar í september 2008. Ég var svona að undar við að fara í kynningu, en í lok september urðu dramatískir atburðir í fjármálalífi Íslands með hruni bankanna. Ég fékk á tilfinninguna að Íslendingar hefðu um annað að hugsa en vef um Vatnajökulspjóðgarð, og frestaði kynningu vefjarins um óákveðinn tíma. Samfélagið sökk ofan í deilur og biturleika, skellihljóð í búsáhöldum og logandi elda á Austurvelli.

Það kostaði þá 4,95 dollara á mánuði að halda honum uppi, en nýlega var þetta hækkað svo hann kostar nú 25 US dollara, um 3.200 krónur, á mánuði sem ég borga sjálfur. Þetta eru um 40 þúsund kr. á ári með veflénnum, en alls eru þrjú lén notuð til að halda þessu úti af vissum tæknilegum ástæðum. Kannski gæti ég selt auglýsingapláss sem hefur verið hugmyndin, en traffíkin er ekki mikil og ég vil standa heiðarlega að því.

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?



Þórunn Sveinbjarnardóttir skrifar sköruglega undir reglugerð um stofnun Vatnajökulspjóðgarðs. Þetta tók innan við hálfu mínútu.



Starfsmaður og stjórnarformaður garðsins sýna fána með merki þjóðgarðsins, sem hannað var af Eddu Sigurðardóttur.



starfsmaður þjóðgarðsins dregur fána að hún.



Fáni Vatnajökulspjóðgarðs blaktir í vindinum!


Árið 2011: Opnun og kynning á vefnum SeeVatnajokull.is – myndskleið um efnahagslegar hliðar - vefurinn Uppbygging.org með „boðhlaups“ módelið.

Vefurinn SeeVatnajokull.is hét upphaflega WelcomeVatnajokull.com, en mér fannst nafnið helst til langt og breytti því í SeeVatnajokull. Þurfti ég að breyta logoinu og stilla eitthvað af tæknilega til að klára það. Vefurinn hafði verið opinn og hafði fengið fáeina meðlimi, frá í september 2008. Loks fannst mér tími kominn að kynna hann, sem var gert í september 2011. Hann fékk nokkra athygli og gerðust nokkrir einstaklingar félagar í honum. Annars hef ég ekki varið miklum tíma í vefinn og kynningarvinnu, enda er ég í öðrum verkefnum sem skipta meira máli til framtíðar litið. Ég spara krónuna (eða dollarann) en kasta eyrinum (en ekki öfugt eins og máltækið hljómar venjulega). Hins vegar finnst mér gaman að eiga þennan vef. Þetta er mín leið að eiga hlutdeild í þjóðgarðinum. Það mætti að vísu kosta minna.

Í september 2011 birti ég einnig myndskleið á vefnum SeeVatnajokull.is sem hafið verið í vinnslu smám saman tvö árin á undan. Þar var sagt frá áætlunum frá USA og Bretlandi um það hve miklar tekjur þjóðgarðar þar gæfu af sér inn í hið staðbundna efnahagskerfi nálægt þeim. Þessar tölur voru komnar úr rannsóknarverkefni við University of Michigan og frá þjóðgarðsyfirvöldum í Bretlandi, og

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulsþjóðgarð?

fann ég þær á vefnum þegar ég fór að leita. Þær höfðu ekki sést á Íslandi svo best ég vissi. Í myndskaiðinu eru þær bornar saman við hina opinberu spá sem gerð hafði verið um það hve miklum tekjum Vatnajökulsþjóðgarður gæti kannski skilað í framtíðinni. Þetta voru ekki mínar áætlanir, og ég er ekki að segja að þær séu réttar, en ég var einfaldlega að bera þetta saman. [Myndskeiðið „Vatnajökulsþjóðgarður – Samanburður við útlönd“ má sjá hér.](#)



Vefurinn [SeeVatnajokull.is](#). Allir eru velkomnir að stofna reikning og setja inn myndir, myndskaið og frásagnir (persónulegar, ekki bissetstengdar), án endurgjalds. Hannaður af undirrituðum.

Hugsanlegar tekjur af Vatnajökulsþjóðgarði þegar hann hefur náð meiri kynningu byggjast á erlendum ferðamönnum frá hinum stóru löndum, en ekki ferðalögum Íslendinga og skiptir þá ekki máli hve margir búa á Íslandi. Vatnajökulsþjóðgarður er styttra frá næstu löndum Vestur-Evrópu en Yellowstone eða Yosemite eru frá þéttbýlissvæðum á austurströndinni, kringum New York. Þetta er svipað og sjávarútvegurinn sem byggir á að selja íbúum stórþjóða fisk, en byggir ekki bara á mannfjölda hér. Heildar raforkuframléiðsla byggir á þörf erlendra iðnfyrirtækja, ásamt raforkunotkun Íslendinga sjálfra, en ekki bara á því sem Íslendingar nota af rafmagni. Í öðrum hluta myndskaiðsins var fjallað um óvissu varðandi áætlanirnar, og endanleg niðurstaða geti orðið hærri eða mun lægri. Þrír þættir valda þessum vafa, sem kemur fram í myndskaiðinu. Loks er í lokin myndasýning frá þeim þjóðgörðum í USA og Bretlandi sem tæpt er á, en fyrir í myndskaiðinu var stöðug myndasýning á bakvið frá Vatnajökulsþjóðgarði og nágrenni. Þessar myndasýningar eru vel þess virði að skoða.

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?



Upphafsmýndin í myndskaiðinu „Vatnajökulspjóðgarður – samanburður við útlönd.“ Það er 13 og hálf mínúta að lengd, og var unnið án styrkja. [Myndskeiðið „Vatnajökulspjóðgarður – Samanburður við útlönd“ má sjá hér.](#)

Í myndskaiðið hafði ég sett tölur um stofnkostnað og rekstrarkostnað eins og menn sáu það fyrir sér árið 2004. Framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs, Þórður H. Ólafsson, hafði samband við mig og þakkaði fyrir flott myndskaið, en sagði að þessar tölur væru ekki alveg réttar í dag. Væri möguleiki að ég gæti breytt myndskaiðinu skv. því? Þá gætu þau hjá þjóðgarðinum vísað í myndskaiðið í þeirra vinnu. Á meðan myndskaiðið væri á vefnum mætti auðvitað hver sem er horfa á það, vísa til þess og túlka á sinn hátt. Eftir umhugsun fannst mér hins vegar ekki freistandi að breyta því á þennan hátt, enda vinnan við að breyta svona löguðu mun meiri en leikmanni líklega dettur í hug. Þá þyrfti að taka alla talrásina upp aftur og setja inn, og þar sem maður talar ekki alltaf á nákvæmlega sama hraða þyrfti að draga og hnika til myndum til að láta þetta passa saman. Það þyrfti hugsanlega líka að færa tónlist til í klippiforritinu. Þetta gæti verið eins dags vinna. Líklega væri þjóðgarðurinn ekki með fjárveitingu til að borga það? Þessar tölur um stofnkostnað og rekstrarkostnað skiptu ekki neinu máli fyrir grundvallaratriðin í myndskaiðinu. Þess vegna var þessum tölum einfaldlega kippt út, myndskaið og tónlist stytt til samræmis, og ný útgáfa sett á Youtube, sem var svo tengd inn á vefinn SeeVatnajokull. Þetta var smá vinna, en miklu minni. Ætli ég sé ekki orðinn vanur því að leggja í púkk í sjálfboðavinnu? Auðvitað er sjálfsagt að þjóðgarðurinn vísi í myndskaiðið ef það er til gagns. Ég vil þjóðgarðinum aðeins það besta.

Að öðru leiti hafa lítil samskipti verið milli mín og forráðamanna Vatnajökulspjóðgarðs. Aðilar í stjórn hafa þó sýnt dálítinn áhuga á einhverskonar samvinnu sem ekki var skilgreind nánar, vegna vefjarins SeeVatnajokull.is. Þó hefur ekki orðið meira úr því enn sem komið er, hvað sem síðar verður. Ég hef haldið mig nánast alveg til baka gagnvart garðinum formlega, þar sem ég vildi klára ákveðin mál áður.

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

En ég býst við að ég verði með hugann við þjóðgarðinn öðru hvoru það sem eftir lifir ævinnar. Er nokkur hissa á því?

Loks var það síðar um haustið 2011 að vefurinn Uppbygging var settur upp og opnaður. Þar eru hugleiðingar um nýsköpun, byggt á vinnunni frá 1992-1998 sem þú ert hér að ljúka lestri um. Ekki þarf að segja mikið meira um hann. Slóðin vefjarins er www.uppbygging.org.



Vefurinn er á léninu www.uppbygging.org.

Árið 2013: Bókin *Skrefin að Vatnajökulspjóðgarði*

Það var ljóst að atburðir sem gerðust áður en Alþingi og ríkisstjórn samþykktu að stofna Vatnajökulspjóðgarð voru bæði óvenjulegir, og að þeir skiptu máli. Enginn hélt þeim hins vegar á lofti. Ég ákvað að taka þessa pappíra alla saman í eina bók, og lýsa jafnframt atburðarásinni í kringum það á árunum 1992 til 1999. Bókin varð á endanum 282 blaðsíður í A4 stærð, með um 100 litmyndum.

Tilgangur þessa var að halda þessu til haga á einum stað, svo það gleymdist ekki. Þannig gætu sagnfræðingar framtíðarinnar nálgast þetta efni, og aðrir, ef áhugi væri á.



Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

Bókin kom út í nóvember segir á kápunni. Þessari bók var komið fyrir á vefnum í PDF formi, þar sem hægt er að hlaða þessu niður endurgjaldslaust. Ég lét líka prenta nokkur eintök, og kom þeim á bókasöfn. Þannig er hægt að komast í þetta á Landsbókasafni, Borgarbókasafni, Amtsbókasafninu á Akureyri, Bókasafnu við Mývatn, Húsavík líklega, á Egilsstöðum, á Höfn á Hornafirði og á Kirkjubæjarklaustri. Bækurnar eiga að vera þar svo lengi sem menn telja að sé pláss fyrir þær.

Ég hafði samband við gamlan bekkjarfélagá úr barnaskóla, en við vorum saman í bekk í sjö vetur. Og svo skólafélagar í þrjá vetur til viðbótar. Það var Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur. Ég útskýrði þetta fyrir honum og fannst honum þetta áhugavert og ætlaði hann að setja tilkynningu um hana inn á tölvupóstlista félags sagnfræðinga, og væntanlega hefur hann gert það.

Ég setti einnig upp sérstakar síður á vefnum seevatnajokull.com, en sá vefur er tengdur samfélagsvefnum seevatnajokull.net. Slóðin er <http://seevatnajokull.com/bok/>. Þar er hægt að hlaða bókinni niður. Einnig er þar stutt yfirlit sögunnar, um 3 blaðsíður að lengd.

Ég tók líka upp myndbönd með skýringarmyndum, til að útskýra málið, og er þau að finna þar á síðunni. Ég sendi nokkrar tilkynningar gegnum Facebook á fólk sem gæti verið áhugasamt.

Önnur kynningarvinna á þessari bók fór ekki fram, fyrir utan einn fund árið 2014.

Árið 2014: Fundur með stjórn Vatnajökulspjóðgarðs

Í júní árið 2014 óskaði ég eftir að hitta stjórn Vatnajökulspjóðgarðs, svo ég gæti gefið þeim og þjóðgarðinum eintök af bókinni. Ég hafði samband við framkvæmdastjóra og stjórnarformann, og var það samþykkt að ég gæti hitt stjórnina í þessum tilgangi. Ég fékk tölvupóst frá framkvæmdastjóranum þann 6. júní vegna þess að stjórnarformaðurinn hafði beðið hann um að senda mér póst um hvar og hvenær fundurinn myndi fara fram. Ég hafði gert ýmislegt í þessum málum á árunum áður, eins og sést hér á undan, og haft samband við mörg hundruð manns og í einhverjum tilvikum fengið jákvæð svör, en ég hafði aldrei fengið nein svör frá skrifstofu Vatnajökulspjóðgarðs. Þetta var eina svarið öll þessi ár. Tekið skal fram að ég hafði þó fengið nokkur viðbrögð frá stjórnarmeðlimum, en ég tók þó nokkuð mark á því að viðbrögð skrifstofunnar voru engin.

Fundurinn frá fram þann 11. Júní. Hann var vinsamlegur þannig séð, og mörgum kringum borðið virtist finnast nokkuð krúttlegt og sniðugt að ég væri þarna í þessum tilgangi. Ekki veit ég hvað þau voru að hugsa, eða hvað þau höfðu rætt fyrir og eftir fundinn.

Ég ætlaði að byrja á að tala aðeins um pólitíkina í kringum það þegar stofnun garðsins var samþykkt, en pólitísku hliðarnar voru dálítið óvenjulegar. Það fór í taugarnar á varastjórnarformanni garðsins, og reyndi hún að stoppa mig af og þagga niður í mér. Ég fór líka að útskýra hvernig þessar hugmyndir hefðu verið þær fyrstu og einu sem komu fram um þessi mál, og að þessar hugmyndir hefðu því augljóslega haft áhrif á stjórnámálamenn á sínum tíma, áður en málið var samþykkt, enda voru viðbrögð frá ráðamönnum skýr og stefnumótnarlega séð afgerandi. Ekki var stjórnarformaður garðsins sáttur við þessa söguskýringu, og fór að útskýra fyrir mér að tilurð þessa garðs hefði auðvitað verið afurð af starfi mjög margra sem komu að því verki, eftir að málið hafði verið samþykkt pólitískt séð. Hann tilkynnti mér að ekkert sem skipti máli hefði gerst áður en það var. Þessu var ég

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

eðlilega ekki alveg sammála, en hann var auðvitað ekki að fylgjast með því sem var í umræðunni áður en stjórnámalmenn ákváðu svo að samþykkja stofnun garðsins. Bókin fjallaði um það sem gerðist 1992-1999, og því var fókusinn þar, en ekki um það sem gerðist eftir 1999, sem stjórnarformaðurinn taldi að væri það eina sem skipti máli.

Ég fór líka að tala um að ég hefði spáð í ýmsu í þessum málum, og væri kominn með lista yfir 35 atriði sem mætti skoða. Aðgerðir, einfaldar og flóknari, sumar mjög ódýrar, sem væri hægt að fara í til að styrkja stöðu garðsins og auka líkurnar á að hann skilaði jákvæðu fyrir byggðirnar og atvinnuvegi. Ég sagði að ég hefði áhuga á að ræða það hvernig ég gæti komið þessu á framfæri? Það tók varastjórnarformann tvær sekúndur að hafna því, og sagði að „við þurfum að passa upp á peningana.“ Stjórnarformaður garðsins svaraði þessu atriði ekki, og framkvæmdastjóri þjóðgarðsins sat og þagði allan fundinn og sagði ekki eitt orð. Ekkert var rætt um hvernig hugmyndir þetta væru, hvort væri flötur á að koma þeim á framfæri annars staðar, eða neitt slíkt.

Mér hafði verið gefið í skyn að það væri klukkutími til reiðu, en þarna var samtalinu allt í einu slitið og fundinum lokið. Þetta var í eina skiptið sem ég hef haft samskipti við þjóðgarðinn. Á bakvið þá staðreynd er svo hvernig málið hefur allt snúið að mér persónulega. Það var atburðarás sem gerðist löngu fyrir þann tíma sem þjóðgarðurinn var stofnaður. Ég er því ekki að gagnrýna stjórnina þannig séð, og satt að segja bjóst ég ekki við miklu. Ég var þó ekki alveg ánægður með þetta.

Árið 2016: Ráðstefna í Hörpu um þjóðgarð á miðhálandinu og Vatnajökulspjóðgarð

Þann 26. og 27. febrúar 2016 héldu Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands, í samvinnu við Náttúruverndarsjóð Pálma Jónssonar, ráðstefnu. Þar skyldi fjallað um hugsanlegan þjóðgarð á miðhálandi Íslands, og einnig fjallað um reynsluna af Vatnajökulspjóðgarði. Ég ákvað að fara þarna. Það var nokkuð merkilegt að ganga inn í vel setinn salinn í Hörpu og hugsa um að þessi ráðstefna væri meðal annars um þjóðgarðinn, sem var sannarlega mitt hugverk í grunninn þó margir aðrir hefðu auðvitað lagt til málanna síðar, en ég nánast ekkert. Þarna sat ég og hlustaði.

Þegar ég gekk inn var þarna topp embættismaður sem ég hafði átt samskipti við útaf þessum málum. Hann hafði ávæning af því að það hefðu verið vandræði, og virstist honum bregða eitthvað í brún að sjá mig þarna. Ég hugsaði „ertu hissa að sjá mig hér? Þú veist að hér er fjallað um það sem er mitt sköpunarverk í grunninn.“ En ekki talaði ég við hann. Ég sá líka Þórð framkvæmdastjóra þjóðgarðsins þarna. Hann kinkaði kolli vinsamlega. Eins var Hjörleifur Guttormsson þarna og tókumst við í hendur og var hann vinsamlegur. Ekki talaði ég við þessa aðila.

Ég átti hins vegar stutt spjall við Andra Snæ Magnason sem er áhrifamaður hjá náttúruverndarsinum. Honum virtist finnast að ég væri áhugaverður og sniðugur viðmælandi. Ég sagði honum frá bókinni Skrefin að Vatnajökulspjóðgarði sem sem ég gaf út 2013, og að hægt væri að nálgast hana. Andri Snær sagðist hafa áhuga á að setja link á það efni inn á einhvern leslista sem náttúruverndarsinnar væru með, og lét ég hann fá upplýsingar um það. Ég veit ekki hvort hann setti þessar upplýsingar inn. Ég held ekki, en það má þó vel vera að hann hafi gert það.

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

Svona var þetta, og gerðist ekki mikið annað. Ekki talaði ég við aðra þarna, utan eina konu sem ég kannaðist við frá fyrri tíð. En það var forvitnilegt að sitja þarna og fylgjast með ráðstefnunni. Um leið var ég dálítið dapur út af öllum þessum málum í heildina, meðal annars málum sem ekki er fjallað um hér. Kannski fjalla ég um það síðar á öðrum vettvangi.

Eftir þetta dró ég mig að mestu í hlé á þessum vettvangi, enda litlu við þetta að bæta, og reyndi að sinna öðrum verkefnum.

Að lokum: Svona lítur Ísland út í Google Maps. Ekki slæmt...?



Skjáskot af Google Maps, Map View, í febrúar 2013.

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

Lokaorð

Hér með eru komin fram stærstur hluti af þeim atriðum sem vert er að setja fram varðandi vinnu og þróun Vatnajökulspjóðgarðs hvað varðar undirritaðan frá árunum 1992 til 2013, en það eru um 21 ár. Þetta er því aðgengilegt hverjum sem er, í nútíð og í framtíð.

Hin hliðin á þessum peningi eru svo sjálfar formlegu tillögurnar og áframhaldandi faglegar athugasemdir, sem settar voru fram í blaðagreinum, dreifiritum, samkeppnistillögum o.s.frv. á árunum 1992 til 2011. Þær má finna á vefnum www.sverrir.info.

Hér hefur þú fengið að sjá líklegustu skýringuna á því hvernig það vildi til að Alþingi og ríkisstjórn fengu uppá borð rökstudda tillögu að því að friðlýsa frosna ísauðn, og búa með því til stórt fyrirbæri sem gæti hugsanlega orðið hvati að mikilli verðmætasköpun. Þetta var svæði þar sem enginn sló gras, beitti á sauðkindum, fiskaði, sótti í möl, stíflaði vatn eða gerði annað það sem hagsmunaaðilar landsins gerðu í hefðbundnum störfum. Á öldum áður hafði verið litið á ísinn sem óvin. Það má kannski líta á sem lítið kraftaverk ef hægt var að auka verulega verðmæti svæðisins með strategískt hugsaðri friðlýsingu? Þjóðgarður er hugmynd. Hann er sameiginlega samþykkt hugtak, því náttúran sjálf, fjöllin, jökullinn, sandar, ár, fossar, breytast nákvæmlega ekkert við það að menn segi „þjóðgarður“. Það eru sett niður skilti stendur á „national park“, og nokkur hundruð milljarðar króna gætu orðið til á öldinni, og nokkur hundruð ný störf...? Margir höfðu unnið rannsóknir á svæðinu, eða sett fram ýmsar náttúruverndarhugmyndir, en aðeins friðunartillaga sem beinist hnitmiðað að Vatnajökli eingöngu getur talist vera friðunartillaga sem beinist að því svæði.

Það er ljóst að þetta er talsverð vinna sem lögð var í málið, og ekki síst þegar ég var í nokkuð erfiðu viðskiptafræðinámi. Stundum var mikil vinna á bakvið aðeins eina málsgrein. Bók var keypt bók frá, gögn í henni skoðuð, og þessi eina málsgrein svo skrifuð. Að búa til uppdrætti og myndir var líka talsvert nostur. Það er því mun meiri vinna en sýnist. Hvernig gekk öll þessi vinna upp hvað varðar tímana sem fóru í þetta?

Ég fylgist ekki með boltaíþróttum, né ýmsum sjónvarpsþáttaröðum, leynilögregmorðgátupáttum og slíku, sem eru sýndar í sjónvarpi. Það er mun skemmtilegra að vinna að einhverju skapandi, að brjóta eitthvað til mergjar, heldur en að vera óvirkur áhorfandi. Ég notaði líklega svipaðan tíma í þetta eins og venjulegt fólk notar í boltahorf og sápuþætti. Ég hef reynt að áætla, og sýnist mér þetta hafa verið um 2-3 klst sem fóru í þetta á viku að meðaltali, frá 1992-1998. Það gerir um 100-150 klukkutíma á ári, sem er gróflega á bilinu hálfur til heill vinnumánuður. All verulegt, en ekki óyfirstíganlegt. Svo er auðvelt að reikna heildarfjölda ólaunaðra tíma á sex árum, kannski um 1.000 klukkustundir gróft á litið á árunum 1992-1998.

Hvað varðar fjárhagsuppgjör þessa verkefnis þá sýnist mér að ég hafi varið um 200.000 krónum í hitt og þetta 1994-1998, aðallega ljósritun, umslög og frímerki, akstur og slíkt, og smá bókakaup, en á móti hafði ég tæpar 100.000 krónur í tekjur í vasann, nettó, eins og kom fram hér áður. Þetta var því hundruð þúsund kall úr vasa háskólanema; nærri námslánum eins mánaðar. Engin ósköp, en ekki sjálfsagt mál heldur. Á árunum 2001-2008 voru þetta tæplega 200.000 krónur í útgjöld en á móti kom 100.000 króna styrkur. Samanlagt borgaði ég með þessu verkefni (sjóðstreymi) sirka 250.000 krónur

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

uppreiknað til núvirðis (án vaxta). Hefði ég að fá eitthvað greitt fyrir þessa miklu vinnu? Það má færa rök fyrir því, en ég held það sé tilgangslaust að reyna að sækja fé fyrir þetta. Þá er betra að verja tímanum í e.t.v. verðmætari vinnu. Það var enda ekki stefnt að því hjá mér að fá mikið fyrir þetta. Þetta átti að vera gjöf, og er gjöf. Þetta kann að virðast mikið verk á síðustu nærri 20 árum, en fólk sem er að blogga reglulega framleiðir klárlega margfalt meira efni en þetta. Það er hins vegar spurning hvort það eyði jafn miklum tíma í rannsóknir og þælingar áður en efnið er birt.



Sjálfataka! Eina sjálftakan sem var stunduð í þessu máli er þessi mynd sem ég tók af sjálfum mér í Skaftafelli árið 2004, þegar Skaftafellspjóðgarður var stækkaður...

Á vef Vatnajökulspjóðgarðs segir eftirfarandi um sögu og stofnun þjóðgarðsins: „Aðdragandi og undirbúningur að stofnun Vatnajökulspjóðgarðs tók um 9 ár. Hann hófst vorið 1999 þegar Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu þar sem umhverfisráðherra var falið að kanna möguleikann á stofnun Vatnajökulspjóðgarðs.“ Samkvæmt þessu felst forsaga þjóðgarðsins eingöngu í formlegu stjórnvaldsferli, og engu öðru. Málið byrjaði með samþykkt Alþingis samkvæmt þessu (í öðrum hluta „boðhlaupsins“), ekkert hafði gerst áður. „Nújá, var það já?“, hugsaði ég. Rétt er hinsvegar að árétta aftur að mín vinna var lítt þekkt þar sem ég hélt mér til hliðar. Þetta hefti hér gefur vonandi réttari mynd, fyrir þá sem hafa áhuga á að vita sannleikann.

Ég hef ekki verið þátttakandi í þessari formlegu vinnu sem snerist um þjóðgarðinn, frá því að ríkisstjórnin samþykkti að stofna hann. Hefði verið sniðugt að hafa mig með í þeirri vinnu þegar hið opinbera vann að skipulagningu þjóðgarðsins? Að sjálfsögðu. Margt gott fólk tók þátt í þessu verki, hvert með sína sérþekkingu eða sérstök tengsl, en ekkert af þessu fólki hafði þá sérstöðu að hafa ígrundað og mótað hugmynd frá grunni. Mest virðist hafa verið um fagfólk í friðun og skipulagi, eða tengdu hagsmunahópum. Þar hefði ég kannski getað sett inn hugmyndir sem hefðu lotið að tekjuöflun, markaðssetningu landsins, sköpun starfa, og slíku. Engin ósk barst um slíkt, þó einhverjir

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

Þarna vissu vel af minni vinnu. Erfitt er að segja um ástæðu, þær eru kannski nokkrar hugsanlegar. En raunar hafði ég engan sérstakan áhuga á að bera mig eftir slíku. Ég hafði varið mörg hundruð klukkutímum ólaunað í þetta mál á árunum á undan, og ekki hagnast mikið á. Þó setti ég fram hluti öðru hvoru, sem sjá má á vefnum sverrir.info. Ég hafði lagt áherslu á að vera lítt áberandi, en það þýðir ekki að sú staða ætti að vera til eilífðar. Það er sjálfsagt að sannleikurinn komi fram, staðreyndir sem fáir vita, þó að ég ætli að snúa mér að öðru.

Einn kunningi sem ég talaði við fyrir nokkru sagði að „þú þarft að passa uppá þetta. Það hafa margir reynt að stela þessu frá þér.“ „Stela þessu frá mér?“, svaraði ég, „heldurðu það? Það er ekki hægt. Ef þú skoðar atvikin í þessu máli öllu er þetta alveg augljóst.“ Hann svaraði þá, „Það hefur samt verið reynt að stela þessu af þér“. Þegar ég hugsa málið betur sé ég hve margir á Íslandi draga ályktanir af fullyrðingum sem eru í raun útúrsnúningar og hálf sannleikur, frekar en staðreyndum.

Það er reyndar ekki endilega auðvelt að kynna svona mál, og ég veit ekki hvaða athygli þetta hefti mun vekja (en þetta efni er þá allavega til fyrir framtíðina). Árið 2004 eða 2005 talaði ég við Ómar Ragnarsson í síma, einn af 230 sem ég talaði við þá. Hann sagði mér að fjölmiðlamenn hefðu verið að vinna efni varðandi Vatnajökulspjóðgarð. Hann reyndi að benda þeim á mig, og að þeir ættu að tala við mig enda væri þetta frá mér komið. En ég var gersamlega óþekkt nafn, og þess vegna höfðu þessir fjölmiðlamenn engan áhuga á að tala við mig. Dálítið fyndið.

Ef spurt er um persónulega afstöðu til Vatnajökulspjóðgarðs, þá er svarið auðvitað að líklega er hún önnur en flestra, enda hef ég verið samferða þessari hugmynd lengur en flestir. Mér sýnist uppbygging garðsins vera að gerast með nokkuð farsælum hætti. Það eru deildar meiningar um atriði, en deilur eru minni en búast mætti við af svo stóru máli. Ég hef takmarkaðan áhuga á að skipta mér af fyrirkomulagi á hinu og þessu, og óvíst hvort það fólk sem annast þjóðgarðinn í dag væri hrifið af því. Það er ráðið (og launað) til að sinna því, og best að hafa það þannig. Það er langt síðan að mér fannst komið nóg af minni vinnu. En það kemur fyrir að ég er stoltur af þessu máli. Ég neita því ekki. Allt þetta hefti hér er satt að segja ansi stórt og fjölbreytt, svo jafnvel ég er hissa. En nú eru það önnur verkefni sem ég hef meiri áhuga á. Það er enginn skortur á þeim.

Nýsköpun – sköpun verðmætra nýjunga – er mjög nauðsynleg á þessum tímum, en hver er jarðvegurinn á Íslandi?

Sá sem setur fram raunverulega framsækna tillögu að nýrri verðmætasköpun ætti ekki að búast við að vera fagnað af mörgum. Fáir verða til að meðtaka alveg ferska hugmynd í upphafi, sirka 2%. Þetta er sam-mannlegt fyrirbæri sem tengist því hvernig og hvenær einstakir hlutar mannfjöldans meðtaka nýja hugmynd. Það gerist smám saman og er normaldreift, sem sést í svokallaðri „adopter categorization“ kúrfu. Staðan hér hefur þó líklega batnað frá 1995. Hér eru margir að sinna nýsköpun, en erfitt hefur reynst að fá fjármagn. Mikið fjármagn er til, en þeir sem gætu tekið ákvörðun virðast ekki átta sig á að það er meiri áhætta að leggja ekki fé í nýsköpun, heldur en það er að leggja fé í nýsköpun.

Myndi ég ráðleggja einhverjum að vinna svipað verk og ég gerði, (kannski á einhverju allt öðru sviði, en erum þó að tala um samfélagslegt þróunarverkefni)? Svárið felur ekki aðeins í sér ráðleggingu til slíkra skapandi aðila, heldur einnig ráðleggingu til samfélagsins um hvernig eigi að tækla slík mál.

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

Ráðleggingar til þeirra sem hafa hug á að setja saman tillögur sem til heilla geta horfið er að virða algerlega staðreyndir, leita uppi og skoða allar hliðar, að leggja áherslu á hagkvæmni og rökrétta hugsun, og reyna að þróa mál þannig að allir græði ef hægt er. Einnig að gera sér grein að þetta er stundum meira mál en virðist í fyrstu, og að kannski munu all flestir verða áhugalausir og vanþakklátir. Einnig verður að leggja að viðkomandi að skoða mjög vel vettvanginn, hvernig hagsmunir tengjast á viðkomandi vettvangi og hvort hagsmunaátök séu hugsanleg. Þetta þarf að gera til að minnka líkur á að viðkomandi lendi í vanda. Ráðleggingar til samfélagsins eru að það hvetji til svona nýsköpunar og kunni að leggja mat á slíkt, að það sjái til þess að einhver ávinningur, fjárhagslegur eða félagslegur, sé af slíkri vinnu, og að samfélagið tryggi alla vega að þeir sem setja fram hugmyndir beri ekki skaða af. Fleira má segja um þetta, en er ekki fókus þessa heftis hér.

Hverjir eru aðrir mikilvægir punktar í þessu máli öllu? Ein af hinum sjö mikilvægu spurningum hér á undan er spurning nr. 2, sem fjallar um hvers vegna hafa verið tiltölulega litlar deilur um Vatnajökulspjóðgarð, sé tekið mið af stærð og vettvangnum náttúruvernd þar sem gjarnan er mikil spenna. Svárið við spurningu nr. 2 bendir á hvernig hagsmunir allra hugsanlegra hópa voru skoðaðir og a.m.k. reynt að þróa tillögurnar þannig að lausnin myndi falla að þeim, fremur en að troða þeim um tær. Þetta tel ég vera einn mikilvægasta punktinn í málinu. Þessi nálgun er mjög ólík því sem hefði mátt búast við af einstaklingum sem eru einarðir meðlimir í einhverjum þessara hópa. Ef einstaklingur í einum þessara hópa hefði sett fram hugmyndir sem vörðuðu Vatnajökul og svæðið þar í kring, (en enginn þeirra gerði það á nokkurra ára bili, það er einföld staðreynd), þá hefðu tillögur þeirra pottþétt miðað við sjónarhorn þess hóps sem viðkomandi tilheyrði.

Það skiptir ekki máli hvort það hefðu verið einarðir vinstirimenn, einarðir hægri menn, staðfastir virkjanamenn eða ákafir náttúruverndarsinnar, eða kannski einhverjir aðrir. Þeirra framlag hefði mjög líklega fyrst og fremst verið fyrir þeirra hóp, en hunsað að mestu aðra hópa. Jafnvel hefði ekki verið langt í burtu dálitlar hnútur í garð andstæðinganna, með meinhæðnum athugasemdum. Þannig myndu þeir strax vekja upp andstöðu við sína tillögu, og tíminn færi mikið til í togstreitu. Tillögurnar sem settar voru fram um Vatnajökul og umhverfi voru settar fram í þeirri trú að það sé hægt að a.m.k. að leita að lausn sem eigi að gagnast öllum eins og hægt er, þó það þýði ekki að hver um sig fái ítrustu hugmyndir uppfylltar. Mér sýnist að fylgjendur þessara eindregnu hópa hafi oft takmarkaðan áhuga á slíku. Kannski trúir það fólk því ekki að slíkt sé hægt? Þetta fólk vill fjör og dramatík, og baráttu fyrir hagsmunum. Þannig finnur það til mikilvægis í sínu lífi og áhugamálum.

Þetta getur líka þýtt að einstakir einstaklingar í einhverjum þessara hópa (en ekki endilega allir) hafi lítið álit á hugmyndum sem hræra saman þeirra hagsmunum við hagsmuni „andstæðinganna“. Þeir geta jafnvel fyllst andúð á þeim sem hefur sett fram slíkar „hrærigrautarhugmyndir“. Þeim finnst að hagsmunir eigi að vera skýrir, andstæðingar vel skilgreindir sem hálfgerð fífl, og baráttan hörð. Þeim getur fundist að þeirra hagsmunum sé ógnað. Þetta getur gert það erfitt að vinna í svona máli, og jafnvel hættulegt, og vissulega eru mun færri skýrir og ákafir samherjar fyrir þann sem stefnir að málamiðlun og sátt, heldur en félagar í þessum hópum hafa kringum sig.

Mér sýnist það hinsvegar vera staðreynd að Vatnajökulspjóðgarður hefur ekki vakið sérlega miklar deilur, þó að eitthvað af reglum veki kannski spurningar þessa stundina. Fyrir utan að vera nokkuð stoltur af þjóðgarðinum er ég líka ánægður með þetta atriði, þessa tiltölulegu sátt, sem ég tel einn mikilvægasta punktinn til að skoða. Kannski þetta hafi líka orðið til þess að málið rann fremur hratt í

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

gegn. Ég var eitt sinn staddur inni á skrifstofu Guðna Ágústssonar, þá landbúnaðarráðherra, og var að ræða við hann um þetta. „Fjögur ár!“ sagði hann, „það er ekki langur tími. Venjulega tekur tíu ár fyrir svona stór mál að ná í gegn.“ En það liðu aðeins tvö ár frá því að ég kynnti tillöguna þar til Morgunblaðið hafði lýst all nokkrum stuðningi í forystugrein, og rúm fjögur ár frá kynningu og þar til málið var samþykkt á Alþingi. Ekki var það merkilegur þungaviktarmaður sem stóð í þróun og kynningu hugmyndarinnar. Það hafa líklega verið rökin sjálf, og kannski líka þessi friðar nálgun með áherslu á hagsmuni allra sem ruðu þessu braut, fyrir 13% af flatarmáli Íslands.

Skilja Íslendingar byrjunina, sem ég kallaði „fyrst hluta boðhlaups“? Ég hef talað við fáein hundruð manns, og kannski innan við fimm sem augljóslega skildu þetta ferli, sem hefst á fyrsta hluta „boðhlaups“ með því að hrá grunn hugmynd kemur fram, sem er rannsökuð og þróuð í formlega tillögu. Slíkt er ekki viðamikill hluti af arfleifð þjóðarinnar, og er ekki búið að síga inn að fullu. Ef það er rétt að 1.000 milljarðar gætu komið í efnahagslífið á öldinni vegna Vatnajökulspjóðgarðs, er það nokkuð alvarlegt mál ef stærstur hluti einstaklinga horfir út í loftið og skilur ekki hvað er á ferðinni. Þetta er ekki lítið mál. Árið 2005, þremur árum fyrir bankahrún, þegar margir héldu að Ísland væri á endalausri uppleið og að Íslendingar gætu ekki gert mistök vegna þess að þeir voru Íslendingar, þá var ég orðinn alveg sannfærður um að leið Íslendinga myndu liggja niður á við. Ég hélt hinsvegar að það myndi gerast rólega yfir 1-2 áratugi, en ekki svo snöggt sem varð í bankahrúninu. Þess vegna skilgreindi ég og setti saman textann um „boðhlaup“, og bjó til vefinn Uppbygging. Kannski einhver skoði hann og fái innblástur af.

Það er mikil ástæða til að hvetja til þess að sem allra flestar vel hugsaðar og rökstuddar tillögur að verðmætum nýjungum komi fram. Oft var þörf en nú er nauðsyn. Ég leit ekki út fyrir að vera merkilegur eða mikilvægur náungi þegar þetta var þróað og kynnt, fyrst maður með stúdentspróf og listaskólanám sem vann við garðyrkju og reyndi fyrir sér í nýsköpun, síðan maður í háskólanámi í viðskiptafræðum. Það var ekki sprenglærður og hátt launaður ráðgjafi sem setti þessar pælingar fram sem lýst var hér á undan í þessu hefti.

Ef slíkur maður gat unnið þetta verk, þá getur þú það líka.

Að lokum er ástæða til að óska Íslendingum til hamingju með Vatnajökulspjóðgarð. Ég hef trú á að Íslendingar geti staðið að þjóðgarðinum með fullum sóma og skapað sér mörg áhugaverð tækifæri til atvinnusköpunar og spennandi mannlífs á austari helmingi landsins.

Sverrir Sv. Sigurðarson
viðskiptafræðingur

Kynnt á fimm ára afmæli Vatnajökulspjóðgarðs þann 7. júní 2013.

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

Athugasemd um stærð Vatnajökulspjóðgarðs

Á norð-vestur Spáni er þjóðgarður sem heitir Montaña de Covadonga, í fjallasvæði sem nefnist Picos de Europa. [Á þessum vef hér](#) er lesandinn fræddur um að þjóðgarðurinn sé stærsti þjóðgarður Evrópu, enda um 2.300 ferkílómetrar að stærð. Vatnajökulspjóðgarður er um 14.000 ferkílómetrar.

Áður en menn hlæja of mikið að þessu er rétt að beina því til lesandans að skoða vel þá viðteknu hugmynd að Vatnajökulspjóðgarður sé stærsti þjóðgarður Evrópu. Ég veit ekki hver setti fram þá hugmynd, en dálítill skoðun í gagnasafni Morgunblaðsins gefur til kynna að hún hafi skotið upp kollinum árið 2000. Þar má finna fimm fréttir um Vatnajökulspjóðgarð, og í tveimur þeirra er talað um hann sem þann stærsta í vesturhluta Evrópu. Svo virðist kannski sem að einhverjum hafi fundist aukaorðið „vestur“ vera til trafala, það væri kannski hreinlega að sleppa því. Í þremur fréttum er vísað til [stærsta þjóðgarðs Evrópu](#), og koma þau ummæli frá stjórnvöldum á einn eða annan hátt. Svo hefur það, að Vatnajökulspjóðgarður sé stærsti þjóðgarður Evrópu, verið í umræðunni frá þeim tíma.

Allan tímann sem ég lagði fram hugmyndirnar að stóru friðlýstu svæði á og kringum Vatnajökul var það með merkimiðanum „stærsta í Vestur-Evrópu.“ Þegar fullyrðingin kom frá stjórnvöldum um að þetta væri stærsti þjóðgarður Evrópu hugsaði ég að einhver ofur-sérfræðingur á Umhverfisstofnun eða í ráðuneytinu hlyti að hafa skoðað þetta vel. Þetta var raunar ágætt, því að það hljómaði vissulega smart að þetta væri stærsti þjóðgarður Evrópu.

Fyrir stuttu varð ég forvitinn um hvað Google græfi upp, ef maður skrifaði „largest national park in Europe“ og í ljós kom á annari eða þriðju síðu að Vatnajökulspjóðgarður virðist ekki vera stærstur í Evrópu. Það þarf raunar ekki að koma á óvart í hvaða landi sá stærsti er, enda er Evrópuhluti þess lands nærri helmingur flatarmáls Evrópu í heild sinni, og gífurlegar víddir lítt snortnar í því landi.

Það kom semsagt í ljós að stærsti þjóðgarður Evrópu heitir Yugyd Va, eða nánar tiltekið Natsional'nyí Park Yugyd Va í Respublika Komi, Rossiya, (Национальный парк Югыд Ва á hinu skemmtilega rússneska lettri). Hann er í Rússlandi, í Komi lýðveldinu í Evrópuhluta Rússlands, og liggur utan í Úralfjöllum norðanverðum en teygir sig svo niður á flatlendið þar sem Pechora áin liðast gegnum víðlenda skógana. Yugyd Va er 18.917 ferkílómetrar og því töluvert stærri en Vatnajökulspjóðgarður, og hann er á vefsíðum þar sem þjóðgarðar í Evrópu eru taldir upp, síðum sem eru staðfestar af IUCN (International Union for the Conservation of Nature). Margar upplýsingar og myndir frá þjóðgarðinum má m.a. finna hér á opinberri heimasíðu: <http://www.yugydva.komi.com> og hér á þessari síðu: <http://www.sll.fi/mpe/yugudva/>. Svæðið hefur dálítið dapurlega sögu, en þarna var stærsta miðstöðin í Evrópuhluta í gúlagi Stalíns, fangabúðunum, (Sibería sem oftast er nefnd er í Asíu, en ég geri ráð fyrir að lestarnar sem fluttu fangana hafi þurft minna af kolum eða olíu til Komi).

Yugyd Va er að mínum dómi ekkert sérstaklega spennandi þjóðgarður, og engan veginn eins og Vatnajökulspjóðgarður, langt því frá. Það myndi ég segja þó ég tengdist Vatnajökulspjóðgarði ekki á nokkurn hátt. Þetta eru aðallega fjallshlíðar, nokkar hæðir og skógar. Eitthvað er af sérstæðum fyrirbærum, til dæmis einn klettadrangur, en ekki sama hlaðborðið og á Íslandi. Yugyd Va liggur svo upp að (eða inni á) Virgin Komi Forest skógverndarsvæðinu, sem er svo enn stærra, 32.800 ferkílómetrar (sjá hér <http://whc.unesco.org/en/list/719>). Þetta þarf ekki að koma á óvart, enda Rússland geysi víðlent land. Virgin Komi Forest er á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna, og mun vera fyrsta svæðið í Rússlandi sem sett var á heimsminjaskrána. Í nýlegum færslum á vefsíðu Yugyd Va r kemur meðal annars fram að nú er að fara í gang vinna við að byggja upp ímynd og

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulsþjóðgarð?

ferðapjónustu í garðinum. Rússar eiga nú olíu- og gaspeninga til að borga fyrir slíkt. Þarna segir meðal annars (á ensku) „Yugid-Va National Park and Administration of Inta City decided to unite their efforts to work towards development of information base, creation of competitive tourist product and its promotion at the regional, national and international levels.“

Vatnajökulsþjóðgarður ekki lengur stærstur! (Var það aldrei...) Eru einhverjir draumar brostnir? Tækifæri töpuð? Það held ég ekki. Ég held að þetta skipti engu máli varðandi tekjur og sköpun starfa. Málið er að þetta atriði, stærðin, er ákveðinn stimpill og til marks um ákveðin gæði, en þá og því aðeins ef öll náttúruvafirbrigði innan garðsins eru merkileg og þess verð að vera innan marka þjóðgarðs. Það eru náttúruvafirbrigðin sem skipta mestu máli. Það væri því afar vond hugmynd að stækka þjóðgarðinn, bara til að fjölga ferkílómetrunum. Ég fór í smá gagnakönnun og skoðaði tíu stærstu þjóðgarða Bandaríkjanna, og síðan þá tíu þjóðgarða sem skila mestum tekjum inn á svæðið vegna heimsóknna. Aðeins einn þjóðgarður af þeim tíu tekjuhæstu var jafnframt inni á listanum yfir stærstu þjóðgarðana (Það var Yosemite ef einhver er forvitinn). Það er ekkert verra að Vatnajökulsþjóðgarður sé stærsti þjóðgarður Vestur-Evrópu, með fjölda merkilegra náttúruvafirbrigða, heldur en ef hann væri stærsti þjóðgarður Evrópu (allrar). Eru draumar brostnir? Kannski að einhver egó séu særð eftir þessa uppgötvun, eða að einhver vilji grafast fyrir um orsök þess að talað var um þjóðgarðinn sem þann stærsta í Evrópu (allri). En annars skiptir þetta engu. Það eina sem verður að gera er að hætta að tala um hann sem þann stærsta í Evrópu, og færa hann „til fyrra horfs“ sem sá stærsti í Vestur-Evrópu. Það er útaf fyrir sig ágætur sess enda þjóðgarðurinn geysi fjölbreytilegur. Það má nefna Dettifoss, Herðubreið, Kverkfjöll, Askja, Snæfell, Lónsöræfi, Örfæfajökull, Skaftafells- og Svínafellsjökull, Skaftafell, Lakagígar, Grímsvötn og svo framvegis.



Pechora áin í Yugyd Va. Höfundur keesleonardmaas (af Flickr.com creative commons)


Þetta mál er hins vegar áminning um að best er að halda sig við staðreyndir. Raunveruleg skapandi hugsun tekur mið af naglföstum staðreyndum og þróar svo tækifæri út frá því, tækifæri sem verður ekki feykt um koll auðveldlega því þau standa á kletti sannleikans en eru ekki byggð á sandi. Loddarahugsun grípur það sem hljómar meira smart og heldur því fram, án þess að velta fyrir sér

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulsþjóðgarð?

hvort það sé rétt. Svo er tímaspursmál hvenær blaðran springur. Og þó, kannski hafði þetta kosti í för með sér? Kannski var ágætt að því væri haldið fram að þetta væri sá stærsti í Evrópu. Kannski gerði það einhverjum auðveldara að styðja við hann? En nú er málið að horfa á hlutina eins og þeir eru. Hann er sá stærsti í Vestur-Evrópu, ekki í Evrópu allri. Vopnaður sannleikanum og með heilbrigðri, skapandi hugsun getur þessi þjóðgarður komist býsna langt.


Eitt að lokum. Mér þætti ekki vitlaust að mynda vinasamband milli stærsta þjóðgarðs Evrópu og stærsta þjóðgarðs Vestur-Evrópu. Það þætti mér huggulegt.

Myndir:



The screenshot shows a web browser window with the URL www.ovguide.com/yugyd-va-national-park-9202a8c04000641f80000000469eaa3. The browser's address bar and search engines (Merriam-Webster, Upphafssíða Sverris, Youtube.com, Google) are visible. The page features the OVGuide logo and navigation tabs for Movies, TV, Celebrity, Music, Sports, Anime, More, and Adult. The main content area is titled "WATCH YUGYD VA NATIONAL PARK VIDEO" and includes a video player. Below the video player, there is a description of Yugyd Va National Park, highlighting that it is Russia's and Europe's largest national park, covering 18,917 square kilometers (7,304 sq mi) in the Northern Ural Mountains and adjacent foothills and flatlands.

Skjáskot sem sýnir stærð Yugyd Va, með fullyrðingu um „þann stærsta“



The screenshot shows the official website of Vatnajökull National Park. The header includes the park's logo and name, "VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR", along with navigation links for Home, Plan your visit, Education and interpretation, Protection and management, and About us. A search bar is also present. The main content area features a sidebar with links to History, Governance, and General information. The main text describes the park as the largest national park in Europe, covering a total area of 12,000 km² or 11% of Iceland. It mentions that few other places in the world exhibit the effects of such a large range of natural phenomena, and that the battle between ice and fire still rages within the park's boundaries. The text also notes that the park encompasses an area of 12,000 km² or approximately 11% of Iceland, and that more than half the park is glacier. The region contains a uniquely contrasting blend of active volcanism, geothermal energy, glacier formation, glacial erosion and waterfalls. The goal of the National Park is to

Skjáskot af vef Vatnajökulsþjóðgarðs, með fullyrðingu um „þann stærsta“

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?



Hér er stutt myndband á Youtube frá Yugyd Va, mest kringum Pechora ána:
<http://www.youtube.com/watch?v=O1b-xrsRavU>




Pechora áin og skógurinn endalaus. Úralfjöll í baksýn.

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

Myndir frá vefsíðunni <http://www.sll.fi/mpe/yugudva/>



Í þessari byggingu í borginni Pechore í Komi lýðveldinu var skrifstofa Yugyd Va þjóðgarðsins árið 1996. Þá var talsverð upplausn í Rússlandi.



Inngangurinn að skrifstofu Yugyd Va þjóðgarðsins árið 1996. Ekki fannst mynd af húsnæðinu nú, en varla er ólíklegt að hún sé komin í annað hús. Rússar eiga enda olíu og gas peninga, og eru þessa dagana að setja fjármagn í að styrkja ímynd og markaðssetningu garðsins.

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?



Úral fjöllin gægjast upp úr skýjahulunni. Vatnaskilin eru mörk Asíu og Evrópu.



Það er fallegt í stærsta þjóðgarði Evrópu, Yugyd Va í Rússlandi ...

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?



... En ekki síður fallegt í stærsta þjóðgarði Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarði

Hver er sagan bakvið stærsta þjóðgarð Vestur-Evrópu, Vatnajökulspjóðgarð?

Fyrirvarar

Textinn og flestar myndir í þessu hefti er höfundarréttur © 2013 – Sverrir Sv. Sigurðarson. Engar breytingar má gera á því án leyfis höfundar. Þessu hefti er dreift án endurgjalds.

Undantekning: Ýmsar myndir og annað efni sem ég hef ekki skapað eru eign þeirra sem eiga höfundarréttinn, þetta efni er sett inn til að skýra málin og er þetta verk ekki búið til í gróðaskyni.

Skannaðar myndir af bréfum eru birtar til upplýsingar. Þetta eru fróðlegar upplýsingar sem fylla upp í myndina og eiga erindi inn í þessa heildarmynd, og ég get ekki séð að birting þeirra geti verið bréfiturum til ama. Bréfin eru birt með því hugarfari.

Myndir af efni í fjölmiðlum, greinum og slíku, eru höfundarréttur © viðskomandi fjölmiðils eða höfundarréttur © höfundar viðkomandi efnis, en aftur hluti af heildarmyndinni sem ég tel rétt og nauðsynlegt að séu hér með vegna upplýsingagildis. Höfundur þáði enga styrki eða aðrar tekjur við gerð þessa heftis. Því verður dreift á vefnum og því mun ekki koma til kostnaður við prentun og dreifingu.

Mynd af Íslandi og áhrifum af orkuframkvæmdum á ár og jarðhitasvæði sem Landvernd útbjó er höfundarréttur © Landvernd. Þessi mynd hefur birst víða, og rétt að hafa hér líka í samhengi við mína eigin mynd sem ég útbjó til að sýna myndina eins og hún blasti við mér.

Efni sem er strangt tiltekið í eigu annarra en höfundar er því haft hér með undir þeim formerkjum, að þetta hefti tilheyrir umræðu sem snýst um heill þjóðarinnar.